

BÓSETA BRIEMSÆTTAR

Á ferðum um landið hef ég skyggst eftir bæjum sem tengjast Briemsætt. Vakti athygli að bæirnir eru víða um landið. Ákvað ég að gera það bæjartaí sem hér birtist. Erutaldi. Helstu sveitabærir og þéttbýlisstaðir utan Reykjavíkur þar sem folk af Briemsætt hefur búið um iengd eða skemmrí tíma.

Þá er getið nanar nokkurra einstakliða, ævistarfs þeirra, barna og venslaliðs. Frásögnfylgir þeim bæ sem helstmáteigið er af þeim og starfi. Vísað er á milli með merki: *.

Þá er getið um uppruna þeirra sem tengjast Briemsætt. Fer eftir efni og astæðum hve laigtseilsterafturí tímann eða fóm fylgstlangt fram eftir þessari öld.

Vegna breytinga á búseto hefur ætúnsafnastinjög saman í Reykjavík.

Tilgangyrinn er að hjálpa þeim sem áhuga hafa á Briemsætt að finna ættarslóðir á ferðum um landið. Væntanlegatreytir það bönd stórrarættar við landið og minningu forfeðra og frænda.

Því miður er sambærileg skráfyrirlönd ófullkom. Vonandi auðveldar hti frændum samt að ná saman yfir Atlanisála.

Eggert Ásgeirsson

BÆIR DG SVEITARFELÖG

SUÐVESTURLAND

2100	GarSabær Njarávik	Vi áey Ha-fnarf jöráur Bsir&a.r Hákot
2506	Vatnsleysustrandarhreppur Seltjarnarnes	AuSnir Nes
2603	Kjalarnehreppur	Möar

VESTURLAND

3503	Innrir Akraneshreppur	G&r&sr
3504	Leirár- og ielahreppur	Leirá
3505	Andakilshreppur	Hvitárvelíir
350S	Reykholdsdalshreppur	Reykholt
3601	Hvitársi&uhreppur	Gilsbakki Kalmannstunga
3603	NorSurárdalshreppur	Sveinatunga
3604	Stafholtstungnahreppur	Svarfhóil
3605	Borgarhreppur	Hamar Einarsnes RauSanes
3606	Borgarneshreppur	Borgarnes
36ÖS	Hraunhreppur	Akrar
3704	Stasarsveit	BúSir Stasarstaður
3705	Fréðárhreppur	Mávahlís
3709	Eyrarsveit Stykki shólmur	Setberg
3712	Skógarstrandarhreppur	Brei áabólsstaður
3S02	Hisdalahreppur	Kvennabrekka
3805	Hvammshreppur	Hvasimur
3806	Fellsstrandarhreppur	Arnarbæli Stasarfell

VESTFIRÐIR

4505	Fiateyjarhreppur	Svefneyjar
4601	Baráastrandarhreppur	Brjánlækur
4602	RauSasandshreppur	Sauðlauksdalur
4606	Suðurfjaréarhreppur	Bildudalur
4704	Mosvallahreppur	Hjarárdalur
4000	Isafjörður	
4806	Nauteyrarhreppur	Melgraseyri
4901	ftreshreppur	Arnes Skjaldarbjarnarvik
4907	Ospakseyrarhreppur	Öspakeyri

NÖRÐURLAND VESTRA

5503	Ytri-Torfustiahreppur	MelstaSur
5506	Kirkjuhvammshreppur	Melur
5507	Þorkelshólshreppur	Vesturhópshólar
5602	Sveinsstaiahreppur	Lækjamót Steinnes

5604	Blönduóshreppur	Þingeyrar
5605	Svínavatnshreppur	Blönduós
5608	Vindhífilshreppur	AuSkála
		Höskuldsstaáir
		Vindhasli
		Ytri-Ey
5100	Sauáárkrókur	
5703	Staðarhreppur	Reynistaáur
5704	Seyluhreppur	Glaufnbær
5705	Lýtingsstaéahreppur	ftl-fqeirsvelIir
		Goádalir
5706	Akrahreppur	Frostastaáir
		Hjaltastaðir
		ViSvlk
5707	Rípurhreppur	As
5708	Viávikurhreppur	Hö-fsstair
5711	HotEÓshreppur	Hofsós
5712	Fellshreppur	Fell
5714	Holtshreppur	Brúnastaðir
		Hraun

NORÐURLAND EYSTRA

6503	Dalvíkurbær	
6506	Arnarneshreppur	Fagriskóaur
		Hof
		Hjalteyri
		Kjarni
		Möðruvellir
6509	Glæsibæjarhreppur	Bægisá
		Glæsibær
		Skjaldarvlk
6000	Akureyri	
6510	Hrafnagilshreppur	Espihóll
		Grund
		Hrafnagil
		Mö4ru-fel1
		Stokkahlaáir
6512	Öngul55taáahreppur	Laugaland
6602	Grytubakkahreppur	Lau-fás
6604	Hálshreppur	Hallqilsstafiir
		Háls~
6606	Báröðalahreppur	Lundarbrekka
6607	Skútustaáahreppur	GrímsstaSir
6610	Reykjahreppur	La>: amyri
6100	Húsavík	
6702	Öxarfjaráahreppur	Ærlækjarsel
6706	Svalbaröshreppur	Svalbarö
6708	Sauðaneshreppur	SauSanes

AUSTURLAND

7504	Jökuldalshreppur	ArnórsstaSir
		Brú
7505	Fljótsdalshreppur	Glúmsstaéir
7602	Vallahreppur	Hallormsstaður

7613 Breiðdalshreppur	KetiIsstaðir Vallanes Breiðdalssvík Eyjar
7615 Búlandshreppur	Bálandsnes
7616 Geithellnahreppur	Hof
7705 Borgarhafnarhreppur	Rannveigarstaðir Kálfafellsstaður

SUÐURLAND

S502 Kirkjubæjarhreppur	firnardragur Geirland Kirkjubæjarklaustur Skál
8602 Vestur-Eyja-fjallahreppur	Holt
8605 Fljótshlíðahreppur	Breiðsafaölsstaður Kollabær
8607 Rangárvallahreppur	Bolholt Oddi
8608 Landmannahreppur	Skaró
8609 Holtahreppur	firðsr
8701 Gaulverjabæjarhreppur	Gaulverjabær
8703 Eyrarbakkaahreppur	Eyrarbakki
S706 Hraungerðishreppur	Oddgeirshólar
8707 Villi ngaholtshreppur	Húsarbak
8709 Gnúpverjahreppur	Hlíð Stóri-Nápur
8710 Hrunamannahreppur	Birtingaholt Hrepphólar Hruni Syára-Langholt
8711 títískupstungnahreppur	Skálholt
8713 Grimsneshreppur	Kiðjábærg Mosfell
8717 Öl-fushreppur	Arnarbæli Laugarbakkar
8000 Vestmannaeyjar	

Akrar Hraunhrcpjji, Mýrasýslu

Sigríður Briem (1862-1913) var dóttir sýslumannshjónanna á Reynistað* Eggerts Briem og konu hans Ingibjargar Eiríksdóttur. Hún átti **Helga Jónsson** bankaritara frá Ökrum Mýrum. Jón á Ökrum var sonur Eyjólfssonar í Svefneyjum, eyjarlar.

Börn þeirra Sigríðar og Helga sem komust til fullorðinsára voru Sæmundur, uppeldissonur Elínar Briem móðursystur sinnar sem bjó um skeið á Sauðárkróki*.

Sæmundur átti Jórunni Kristjánsdóttur og búa börn þeirra Helgi Briem Sæmundsson verkfræðingur í Stuttgart, Elín Sæmundsdóttir í Oslo og Sigurlaug Sæmundsdóttir arkitekt í München. Þá voru Ingibjörg Helgadóttir bankaritari og Páll Helgason verkamaður í Reykjavík einnig börn Sigríðar.

Akureyri

Yngsta barn Péturs Havsteen og Kristjönu Gunarsdóttur á Möðruvöllum* **Gunnar Hafstein** fæddist í Skjaldarvík* 1872. Hann varð síðar bankastjóri í Þórshöfn*. Kona hans var frænkahans **Nielsina Havsteen** (1883-1965) dóttir f.k.h. Guðlaugar Pálsdóttur rra Kjarna (d. 1893) og Kristins Havsteen (1849-1931). Kristinn var verslunarmaður frá ungum aldri og gekk snemma í þjónustu Gránufélagsins.

Kristinn Havsteen var verslunarstjóri á Siglufirði og á Akureyri þar til hann varð kaupstjóri (framkvæmdastjóri) félagsins árið 1893 er Tryggvi Gunnarsson frá Hallgilsstöðum* varð bankastjóri. Þau dvöldu langdvölum í Khöfn. Kristinn stundaði auk starfa sinna fyrir Gránufélagið umfangsmikla þilskipaútgærd og varð efnaður maður. Hann fluttist alfarinn til Khafnar þar sem hann bjó til æviloka.

Pali Jakob Briem (1856-1904) fæddist á Espihóli* sonur Ingibjargar Eiríksdóttur frá Kollabæ* og Eggerts Briem síðar sýslumanns á Reynistað*. Eftir lagapróf árið 1884 starfaði hann um skeið við lögfræðistörf í Khöfn. Þá flutti hann og gaf út fyrirlestur sinn um frelsi og menntun kvenna, brautryðjandaverk íkvenréttindum, ritaði grein um Grágás og þýddi rit

Samuel Smiles um sparnað. Hélt hann áfram miklum ritstörfum bæði um lögfræði og önnur þjóðfélagsmál meðan hann lifði.

Árin 1886-1887 var Páll sýslumaður í Dalasýslu og bjó á Staðarfelli*. Árið 1886 átti hann fyrri konu sína Kristínu Guðmundsdóttur frá Auðnum*. Var hann kosinn á Alþingi fyrir Snæfellsnes (1887-1891).

Páll málflutningsmaður við landsyferréttinn 1886-87 og bjó í Reykjavík. **Kristín Guðmundsdóttir** (1865-1887) kona hans féll frá af barnsfararsótt eftir hálfis annars árs hjónaband. Hún var dóttir Guðmundar Guðmundssonar útvegsbónda á Auðnum* á Vatnsleysuströnd og konu hans Önnu Pálsdóttur frá Hvassahrauni í sömu sveit. Kristinn P. Briem sonur þeirra (1887-1970) varð síðar kaupmaður á Sauðárkróki*.

Sýslumaður í Rangárvallasýslu var Páll árin 1890-1894 og sat hann fyrst í Odda* og síðar í Árbæ*. Odda sátu þá séra Skúli Skúlason og Sigríður Helgadóttir, systir Álfheiðar síðari konu Páls.

Árin 1894-1904 var Páll amtmaður í Norður- og Austuramti og bjó á Akureyri. 1895 gekk hann að eiga **Álfheiði Helgadóttur** (1868-1962) prestaskólakennara Hálfánarsonar (1826-1894) frá Brjánslæk* og konu hans Þórhildar Tómasdóttur (1835-1923) prests á Breiðabólstað* Sæmundssonar. Á Akureyri fæddust þeim börnin Þórhildur Briem sem átti Theodór Líndal professor, Eggert Briem bóksali o.fl. sem átti Sigríði Skúladóttur lækni Arnasonar í Skálholti*, Friede Ingibjörg Briem átti Ásgeir Guðmundsson lögfræðing frá Nesi* við Seltjörn, Helgi Briem sendiherra sem átti Dorisi Parker frá Birmingham* og Þórdís Briem bókavörður.

Árið 1904 voru amtmannsembættin lögð niður og var Páll þá skipaður bankastjóri íslandsbanka. Sama ár var hann kosinn alþingismaður fyrir Akureyri. Hann andaðist um haustið áður en þing kom saman.

Dóttir Hannesar Hafstein frá Möðruvöllum* og Raghheiðar Stefánsdóttur Thordersen frá Vestmannaeyjum* **Ragnheiður Hafstein** (1903-1983) átti **Stefán Thorarensen** (1891-1975) frá Akureyri, lyfsala í Laugavegs apóteki í Reykjavík. Stefán var sonur Odds C.

Thorarensen (1862-1934) lyfsala á Akureyri og konu hans Ölmú Schiöth (1867-1949).

Kara Briem (1900-1982) dóttir Sigurðar Briem póstmeistara frá Reynistað* og konu hans Guðrúnar ísleifsdóttur prests að Arnarbæli* Gíslasonar átti **Helga Skúlason** augnæknir frá Odda* á Rangárvöllum prests Skúlasonar og konu hans Sigríðar Helgadóttur. Sigríður í Odda var systir Álfheiðar Helgadóttur Briem.

Þau Helgi bjuggu árin 1927-1970 á Akureyri. Synir þeirra voru Skúli Helgason (1926-1973) læknir í Umeá* í Svíþjóð sem lést ungur og Sigurður Helgason professor við MIT í Boston* í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, frægur stærðfræðingur. Dóttir þeirra er Sigríður Helgadóttir meinatæknir.

Meðal barna Ragnheiðar Davíðsdóttur frá Hofi* í Hörgárdal og Stefáns Stefánssonar bónda og alþingismanns í Fagraskógi settust þeir að á Akureyri **Davíð Stefánsson** skáld og **Valgarður Stefánsson** stórkaupmaður. Valgarður átti **Guðmundínu Ágústu Stefánsdóttur** kaupmanns í Eskihlíð í Reykjavík Runólfs-sonar.

Arnarbæli Fellsstrandarhvfpi, Dalasýslu.

Meðan **Gunnlaugur Briem** (1773-1834) frá Brjánslæk, síðar sýslumaður á Grund*, vann í jarðamatsnefndinni þurfti hann að búa á ýms-um stöðum. Eftir dvölinu á Hvítárvöllum* reisti hann bú að Arnarbæli í þrjú ár 1804-1807. Þar fæddist þeim **Valgerði Árnadóttur** (1779-1872) dóttir, Kristjana Johanna ("Johanna fagra") árið 1805. Hún giftist og bjó í Bielefeld* í V-Þýskalandi og er mikill ættbogi frá henni komin þar í landi. Frá Arnarbæli fluttust þau Valgerður að Kjarna*.

Arnarbæli Olfushreppi, Amessýslu

Guðrún ísleifsdóttir (1876-1951) kona Sigurðar Briem (1860-1952) hagfræðings og póstmeistara frá Reynistað* var dóttir **Ísleifs Gísla-sonar** (1841-1892) prests að Arnarbæli og konu hans **Karítasar Markúsdóttur** prófastsdóttur frá Odda. Ísleifur sat á Stokkalæk þegar Guðrún fæddist. Systir Guðrúnar var Kristín ísleifsdóttir kona Ólafs Helgasonar á

Stóra Hrauni bróður Álfheiðar síðari konu Páls Briem amtmanns á Akureyri*. Börn þeirra Sigurðar Briem og Guðrúnar þau er upp komust voru Kara Briem á Akureyri* kona Helga Skúlasonar augnlæknis þar, Gunnlaugur Briem post- og símamálastjóri, átti Halldóru Guðjohnsen frá Húsavík*, Ása Briem fyrri kona Jóns Kjartanssonar alþingismanns og ritstjóra frá Skál*, Ísleifur Briem verslunarmaður, Sigrún Briem læknir, átti Friðgeir Ólason læknir frá Skjaldabjarnarvík*, fórust þau ásamt þrem börnum sínum með Goðafossi af stríðs völdum og Tryggvi Briem, tryggingafræðingur, skrifstofustjóri Almennra trygginga, átti Hrafnhildi Haraldsdóttur.

Sigríður Árnadóttir frá Oddgeirshólum* gerðist kennari og átti **Guðmund Kristjánsson** bónda í Arnarbæli.

Arnardrangur Kirkjubæjarhr., V-Skaft.

Eiríkur Sverrisson (1790-1843) faðir Ingi-bjargar Eiríksdóttur Briem á Reynistað* fæddist að Kirkjubæjarklaustri*. Foreldrar hans voru Sverrir hreppstjóri þar (f. um 1739) Eiríkssonar bónda að Geirlandi* á Síðu Bjarnasonar og seinni kona hans Sigríður (f. um 1766) Salómonsdóttir frá Arnardranga Þorsteins sonar. EMkur gerðist 21 árs bóndi að Hurðarbaki*. Hann var síðast í Kollabæ*.

Arnórsstaðir Jökuldalshreppi, N.Múlasýslu

Jóhanna Eggertsdóttir Briem frá Reynistað* átti ár-ið 1893 **Einar Pálsson** (1868-1951) sem þá hafði verið vígður að Hálsi*.

Séra Einar var sonur **Pais Jónssonar** að Glúmsstöðum* og Arnórsstöðum* á Jökuldal og síðari konu hans **Hróðnýjar Einarsdóttur** frá Brú* í sömu sveit. Séra Einar þjónaði Hálsi 1893-1903, Gaulverjabæ* 1903-1908 og Reykholti* 1908-1930.

Auðkúla Svínavatnshreppi, A-Húnavatnssýslu

Séra **Theódór Jónsson** á Bægisá* var sonur séra **Jóns Þórðarsonar** prófasts á Auðkúlu og **Sigríðar** (yngri) **Eiríksdóttur** sýslumanns í Kollabæ* Sverrissonar. Theódór gekk að eiga Jóhönnu Valgerði Gunnarsdóttur dóttur séra Gunnars Gunnarssonar frá Laufási* Auk séra

Theódórs voru börn þeirra: Vilborg Jónsdóttir kona séra Eiríks Gíslasonar á Stað í Hrutafirði, Guðný Jónsdóttir er átti Brynjólf Gíslason í Skildinganesi, **Guðrún Jónsdóttir** er átti Eggert Briem frá Reynistað* bæjarfógeta á Seyðisfirði*, sýslumann á Suðárkróki* og síðast hæstaréttardómara, Kristín Jónsdóttir er átti Richard Torfason og Þóra kona séra Stefáns M. Jónssonar að Auðkúlu.

Auðnir Vatnsleysustrandarhr., Gullbringusýslu

Páll Briem frá Reynistað* var sýslumaður í Dala-sýslu 1886-1887. Árið 1886 gekkhann að eiga **Kristínu Guðmundsdóttur** (1865-1887) frá Auðnum. Foreldrar hennar voru **Guðmundur Guðmundsson** útvegsbóndi þar og **Anna Pálsdóttir** kona hans. Einu og hálfu ári síðar missti Páll Kristínu úr barnsfararsótt. Barnið lifði: Kristinn P. Briem kaupmaður á Sauðárkróki*.

Alfgeirsvellir Lýtingsstaðahr., Skagafj.sýslu

Ólafur Briem (1851-1925) var fæddur að Espihóli*. Hann var sonur Eggerts Briem og Ingibjargar Eiríksdóttur að Reynistað*. Hann tók stúdentspróf frá Reykjavíkurskóla og gerðist eftir það sýsluritari föður síns. Árið 1884 gekk hann að eiga **Halldóru Pétursdóttur** frá Álfgeirsvöllum Pálmasonar og konu hans Jörunnar Hannesdóttur frá Hömrum í Lýtingsstaðahreppi. Halldóra var systir Herdísar konu séra Hálfðánar Guðjónssonar vígslubiskups og **Steinunnar Pétursdóttur** konu séra Vilhjálms Briem á Staðarstað* og í Reykjavík. Þau Ólafur og Halldóra bjuggu að Frostastöðum* 1885-1887 og Álfgeirsvöllum 1887-1920 og kennd við þann bæ.

Ólafur Briem varð umboðsmaður Reynistaðarklaustursjarða og forystumaður í félagsmálum í Skagafirði, hvatamaður að stofnun kaupfélaga, bókasafns, hafnargerðar o.fl. Hann var kjörinn á þing fyrir Skagafjarðars. 1886-1919 og formaður Sambands ísl. samvinnufélaga 1920-1925.

Börn þeirra Halldóru og Ólafs voru m.a. séra Þorsteinn Briem í Görðum*, og Ingibjörg Briem kona Björns Þórðarsonar forsætisráðherra frá Móum*.

Arbær Holtahreppi í Rangárvallasýslu

Páll Briem sem lengst var amtmaður á Akureyri* var sýslumaður í Rangárvallasýslu 1890-1894 og sat fyrst í Odda* og síðar í Árbæ. Byggði hann þá bæjarhús þau sem lengi stóðu þar uppi.

Arnes Arneshreppi, Strandasýslu

Marínó Hafstein að Svarfhóli* átti **Þórunni Eyjólfsdóttur** (1877-1961) prests í Árnesi* Jónssonar og konu hans Elínar Elísabetar Björnsdóttur prests á Stokkseyri Jónssonar.

As Rípurhreppi, Skagafjarðarsýslu

Elín Briem (1856-1937) hlaut menntun heima á Reynistað*. Árið 1877 var settur kvennaskóli Skagfirðinga að Ási í Hegranesi. Var húsfreyjan þar, Sigurlaug Gunnarsdóttir, forstöðukona. Réðst Elín liðlega tvítug kennari að skólanum. Næsta ár var skólinn fluttur að Hjaltastöðum* í Blönduhlíð og var þar 1878-1880. Húnvetningar stofnuðu húsmæðraskóla að Lækjarmóti* og fengu Elínu til að vera forstöðukonu hans 1880-1881. Eftir það var skólinn fluttur að Ytri-Ey*.

Birtingaholt Hrunamannahreppi, Arnessýslu

Séra Ólafur Briem að Stóra-Núpi* var vígður aðstoðarprestur föður síns. Var honum veittur Stóri-Núpur 1918 og hélt til æviloka. Kona séra Ólafs var **Katrín Helgadóttir** (1879-1922) frá Birtingaholti* dóttir **Helga Magnússonar** frá Syðra-Langholti* og konu hans **Guðrúnar Guðmundsdóttur** frá Birtingaholti. Systkini hennar voru séra Guðmundur Helgason í Reykholti, séra Magnús Helgason kennaraskólastjóri, séra Kjartan Helgason í Hruna, Ágúst Helgason bóndi í Birtingaholti, Guðrún Helgadóttir kona Haraldar Sigurðssonar á Hrafnkelsstöðum og Guðrún yngri, kona séra Jóns Stefáns sonar að Lundarbrekku.

Bíldudalur Barðastrandarsýslu

Maður Elínar Hafstein frá Möðruvöllum var **Lárus H. Bjarnason** sýslumaður í Stykkishólmi*. Hann var sonur **Hákonar** Bjarnasonar kaupmanns á Bíldudal (1828-1877). Hann var sonur Bjarna Bjamasonar prests á Söndum í Dýrafirði Gíslasonar og konu hans Jóhönnu Kristínar (d. 1896, 61 árs) Þorleifsdóttur profasts í Hvammi í Hvammssveit Jónssonar. Systkini Lárusaar voru þjóðkunn: Brynjólfur H. Bjarnason kaupmaður í Reykjavík, Þorleifur H. Bjarnason yfirkennari, Ingibjörg H. Bjarnason skólastjóri og alþm. og Ágúst H. Bjarnason professor.

Katrín Thorsteinsson, fyrri kona Eggerts Briem í Viðey* var dóttir **Péturs Thorsteinsson** kaupmanns á Bíldudal og víðar og konu hans **Ásthildar Guðmundsdóttur** prests að Kvennabrekku* Einarssonar. Systkini Katrínar voru: Helga kona Ólafs Johnsons kaupmanns, Ásta kona Jóns Hermanssonar tollstjóra, Borghildur kona Ólafs Björnssonar ritstjóra, Gyða sem dó ógift, Guðrún kona Gunnars Egilson skipamiðlara, Guðmundur (Muggur) listmálari, Samúel læknir, Gunnar og Friðþjófur, verslunarmenn.

Blönduós A-Húnavatnssýslu

Húsmæðraskóli þeirra Húnavetninga og Skagfirðinga var fluttur frá Ytri-Ey* til Blönduóss og byggt veglega yfir hann svo sem enn sést. **Elín Briem** tók við stjórn skólans 1903-1905 og flutti til Blönduóss frá Reykjavík en hún var þá orðin ekkja. Árið 1905 hætti hún skólastjórninni er hún giftist til Sauðárkróks*.

Síðara hjónaband Elínar stóð einnig stutt. Eftir að Stefán Jónsson maður hennar hafði orðið bráðkvaddur árið 1910 tók Elín við stjórn húsmæðraskólans hið þriðja og síðasta sinn árin 1912-1915. Er heilsu hennar hafði hrakað fluttist hún aftur til Reykjavíkur.

Bolholt Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu

Kristin Ingvarsdóttir var kona Eiríks Sverrissonar sýslumanns í Kollabæ*. Þau voru foreldrar Ingibjargar Eiríksdóttur á Reynistað*. Kristin var síðari kona Eiríks og systurdóttir

fyrri konu hans Guðlaugar Eiríksdóttur.

Kristin, ein hinna nafnkunnu Skarðssystra, var dóttir **Ingvars Magnússonar** (d. 1818, 53 ára) bónda í Skarði og konu hans **Ingibjargar Eiríksdóttur** frá Bolholti.

Borgarnes Mýrasýslu

Sonur Jóhönnu Briem frá Reynistað* og séra Einars Pálssonar í Reykholti* var **Eggert Einarsson** (1894-1974) héraðslæknir lengst af í Borgarnesi. Hann átti **Magneu Jónsdóttur** (1899-1975) frá Stykkishólmi.

Breiðabólstaður Fljótshlíðarhr. Rang.

Árið 1895 gekk Páll Briem amtmaður frá Reynistað* (síðar á Akureyri*) að eiga **Álfheiði Helgadóttur** prestaskólakennara Hálfánarsonar frá Brjánslæk* og konu hans **Þórhildar Tómasdóttur** prests á Breiðabólstað Sæmundssonar.

Breiðabólstaður Skógarstr.hr., Snaef.

Séra **Árni Sigurðsson** (um 1640-1724) í Holti* prófastur að Breiðabólstað á Skógarströnd 1763-1793. Fékk þá Holt* og hélt til dauðadags. Kona hans **Kristin Jakobsdóttir** (1743-1791) var frá Búðum*. Þau voru foreldrar **Valgerðar Árnadóttur**, á Grund* sem fæddist hér.

Breiðdalsvík Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu

Haraldur Briem (1841-1918) hreppstjóri sonur Ólafs timburmeistara á Grund* og konu hans Dómhildar Þorsteinsdóttur bjó að Búlandsnesi* 1880-1900. Kona hans (1864) var **Prúður Þórarinsdóttir** (1838-1908) prests að Hofi* í Alftafirði Erlendssonar og konu hans Guðnýjar Benediktsdóttur frá Skorrastöðum. Börn þeirra er upp komust voru Guðný Briem, átti Björn R. Stefánsson alþm. og kaupfélagsstjóra á Breiðdalsvík; Valgerður Briem, átti Ólaf Oddsson ljósmyndara í Reykjavík; Olafur Briem, Eyjum* í Breiðdal og Dómhildur Briem er var ógift.

BrjánslSekurBarðastrandarhr.,V-Barð.

Her sat séra **Sigurður Þórðarson** (f. um 1688-1767) frá 1723 til dauðadags. Hann var talinn mikilmenni, andríkur kennimaður, vel gefinn og skáldmæltur. Hann var afi Gunnlaugs Briem ættföður Briemsættarinnar.

Sigurður Þórðarson var sonur **Þórðar Jónssonar** á Laxamýri* og **Guðrúnar Sigurðardóttur** frá Tungu* á Tjörnési. Sat Brjánslæk í 44 ár eða þar til hann andaðist 79 ára.

Kona Sigurðar var **Sigríður Gunnlaugsdóttir** úr Svefneyjum*, föðursystir Eggerts Ólafssonar.

Síðar voru hér prestar synir þeirra Gunnlaugur Sigurðsson (fáeina mánuði eða þar til hann andaðist) og Guðbrandur.

Séra **Guðbrandur Sigurðsson** (1735-1779) var sagður hraustmenni, smiður, málari, kennimaður góður og hagorður. Síðari kona hans var **Sigríður Jónsdóttir** (d. 1835, 88 ára) prests eldra á Gilsbakka* Jónssonar. Séra Jón var bróðir Sigríðar móður séra Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal* sem tók Gunnlaug Briem í fóstur eftir að faðir hans féll frá.

Börn þeirra séra Guðbrandar og Sigríðar sem upp komust voru **Gunnlaugur Briem** sýslumaður (1773-1834) á Grund*, ættfaðir Briemsættar, Sigríður er átti Hjalta Jónsson á Stað* í Steingnmsfirði og séra Einar að Auðkúlu*.

Séra Guðbrandur hrapaði til dauða fyrir björgniður þegar hann var á leið til að vitja sjúks manns.

Árið 1895 gekk Páll Briem amtmaður á Akureyri* að eiga **Álfheiði Helgadóttur**. Hún var dóttir **Helga Hálfðánarsonar** restaskólakennara (Einarssonar prests á Brjánslæk og Eyri við Skutulsfjörð) og konu hans Þórhildar Tómasdóttur frá Breiðabólsstað* í Fljótshlíð.

Brú Jökuldalshreppi í N-Múlasýslu

Jóhanna Eggertsdóttir Briem frá Reynistað* átti árið 1893 **Einar Pálsson** (1868-1951) sem þá hafði verið vígður að Hálsi*. Einar var sonur **Pais** Jónssonar að Glúmsstöðum* og Arnórsstöðum* á Jökuldal og síðari konu hans **Hródnýjar Einarsdóttur** frá Brú í sömu sveit. Einar þjónaði Hálsi 1893-1903, Gaulverjabæ* 1903-1908 og Reykholti* 1908-1930.

Brúnastaðir Holtshreppi, Skagafjarðarsýslu

Ragnheiður Davíðsdóttir (1864-1937) frá Hofi* í Hörgárdal átti **Stefán Stefánsson** son **Stefáns Árnasonar** prests á Hálsi* í Fnjóskadal og konu hans **Guðrúnar Jónsdóttur** frá Brúnastöðum í Fljótum). Hann varð alþingismaður. Þau bjuggu í Fagraskógi*.

Búðir Staðarsveit, Snæfellsnessýslu

Kristin Jakobsdóttir kona séra Árna Sigurðssonar í Holti* og móðir Valgerðar Árnadóttur á Grund* ættmóður Briemsættarinnar var fædd að Búðum. Þau voru og forforeldrar Kristínar Ólafsdóttur í Nesi*.

Kristin Jakobsdóttir var systir Jóns Jakobssonar sýslumanns á Espihóli*. Olst Valgerður þar upp hjá honum með Jóni frænda sínum Espólín sem var 10 árum eldri.

Foreldrar Kristínar og Jóns voru Jakob Eiríksson og Guðrún Jónsdóttir.

Jakob Eiríksson (1708-1767) var bóndi að Búðum frá 1732 til dauðadags. Hann hafði áður búið að Staðarstað* en tók við búinu að Búðum eftir lát föður síns. Foreldrar hans voru **Eiríkur Steindórsson** lögréttumaður og kona hans **Sofía Jakobsdóttir** sýslumanns að Arnarstapa Benediktssonar. Jakob var í Skálholts-skóla frá árinu 1726 en var vísað þaðan 1729-30 eins og Daða Halldórssyni (vegna misþyrminga á Eiríki Guðmundssyni). Jakob tók þó stúdentspróf 1730. Hann var mikill vexti, rammur að afli, vel að sér, búskýslumaður, útgerðarmaður og hafði 20-30 skip úti.

Kona Jakobs var **Guðrún Jónsdóttir** (1699-1784) prests að Staðarstað* Jónssonar.

Búlandsnes Búlandshreppi, S-Múlasýslu

Hér bjó **Haraldur Briem** (1841-1918) hreppstjóri sonur Ólafs timburmeistara á Grund* og konu hans Dómhildar Þorsteinsdóttur. Hann lærði trésmíðar á Akureyri en var síðan við verslunarstörf á Eskifirði. Hann bjó fyrst á Rannveigarstöðum* í Geithellnahreppi í 16 ár en fluttist að Búlandsnesi þar sem hann bjó 1880-1900. Eftir það bjó hann með börnum sínum. Eftir hann ungan eru kvæði og sagnabrot. Sagður mikilhæfur, fjörmaður, læknir góður og hjálpfús. Kona (1864) hans var

Þrúður Þórarinsdóttir (1838-1908) prests að Hofi* í Álftafirði Erlendssonar. Meðal barna þeirra voru Dómhildur Briem kennari í Reykjavík, Olafur Briem bóndi að Eyjum* í Breiðdal, Guðný Briem, áttí Björn R. Stefánsson alþm. og kaupfélagsstjóra á Breiðdalsvík* og Valgerður Briem, áttí Ólaf Oddsson ljósmyndara í Reykja-vík. Þá átti hann með Þórunni Eiríksdóttur frá Hoffelli Bjartmar Briem er fluttist til Ameríku og bjó lengst í Seattle í Bandaríkjunum.

Bægisá Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu Eftir að **Valgerður Þorsteinsdóttir** frá Hálsi* kona séra Gunnars Gunnarssonar frá Laufási*, síðast presti í Lundarbrekku, var orðin ekkja stjórnaði hún kvennaskólanum á Laugalandi* (1877-1896) frá stofnun og þar til hann var fluttur til Akureyrar. Valgerður fluttist þá að Bægisá á Pelamörk með dóttur sinni **Jóhönnu Valgerði Gunnarsdóttur** sem átti **Theódór Jónsson** sóknarprest þar. Theódór var sonur séra Jóns Þórðarsonar á Auðkúlu* og Sigríðar Eiríksdóttur Sverrissonar í Kollabæ*. Séra Theódór var bróðir Guðrúnar konu Eggerts Briem hæstaréttardómara frá Reynistað*.

Dalvík

Eggert Briem (1937-1983) var lengst héraðslæknir á Dalvík. Hann var sonur **Gunnlaugs Eggertssonar Briem** ráðuneytisstjóra og konu hans **Þóru Garðarsdóttur**.

Einarsnes

Borgarhreppi, Mýrasýslu **Eiríkur Sverrisson** sýslumaður frá Kollabæ* flutti frá Mávahlíð*. Árin 1828-1837 var hann sýslumaður Mýra- og Hnappadalssýslu og bjó að Einarsnesi. Þar áttu þau **Kristin Ingvarsdóttir** kona hans son sem dó ungur. Þaðan fluttu þau að Hamri*.

Espihóll

Hrafnagilshreppi, Eyjafirði. **Gunnlaugur Guðbrandsson Briem** (1773-1834) frá Brjánslæk* gekk að eiga **Valgerði Árnadóttur** (1779-1872) dóttur Árna Sigurðssonar prests að Holti* undir Eyjafjöllum Sigurðssonar og konu hans Kristínar Jakobsdóttur frá Búðum*. Kristin var systir Jóns sýslu-

manns á Espihóli. Ólst Valgerður upp hjá frænda sínum.

Gunnlaugur hafði árið 1799 verið settur aðstoðarmaður Jóns Jakobssonar sýslumanns í Eyjafirði. Jón Jakobsson var ættfaðir Espólínsættarinnar, sem m.a. er þekkt í Noregi, afkomendur Gísla Espólín.

Eggert Briem og **Ingibjörg Eiríksdóttir** fluttu frá Melgraseyri* að Espihóli. 1848-1861 var Eggert sýslumaður Eyfirðinga og bjó fjölskyldan hér. Að Espihóli fæddust börnin Valgerður Briem kennari á Laugalandi*, Kristin Briem kona Valgarðs Claessen á Sauðárkróki*, Olafur Briem á Alfgeirsvöllum*, Halldór Briem á Möðruvöllum*, Johanna og Vilborg sem dóu ungar, Páll Jakob Briem á Staðarfelli*, Odda*, Árbæ* og Akureyri*, Elín Briem að Hjaltastöðum*, Lækjarmóti*, Ytri-Ey*, Sauðárkróki*, Reykjavík og Blönduósi*, Kristján Gunnlaugur (dó ungur) og Sigurður Briem í Reykjavík.

Árin 1861-1884 varð Eggert sýslumaður í Skagafjarðarsýslu og fluttist fyrst að Hjaltastöðum*.

Eggert Gunnarsson (1840-1885?) frá Laufási* var einn litríkasti og glæsilegasti forystumaður í félagsmálum norðanlands á sinni tíð. Eftirmæli hans urðu verri en efhi stóðu til þar sem hann hrökklaðist úr landi í fjárhagskröggum. Það þóttí ekki stórmannlegt á þeirri tíð. Hvarf hann sporlaust og leiddi það til furðusagna. Séra Benjamin Krisfjansson hefur gert æfi hans verðug skil í Eyfirðingabók sinni.

Eggert stundaði heimanám eins og séra Gunnar (1839-1873) bróðir hans sem varð prestur á Sauðanesi*, Svalbarði* og Lundarbrekku*. Einhverra hluta vegna hélt hann ekki áfram námi. Eins og Tryggvi Gunnarsson (1835-1917) bróðir hans að Hallgilsstöðum* hneigðist hann að verklegum efnum. Var hann í Fornhaga og á Möðruvöllum* hjá Petri Havstein amtmanni og Kristjönu Gunnarsdóttur konu hans, en náíð samband var milli þeirra systkina. Var heimilinu á Möðruvöllum léttir af vera Eggerts þar. Honum tókst að bæta heimilisbrag er þunglyndi settist að Pétri Havstein. Amtmaður skipaði Eggert umboðsmann Munkapverárklostursjarða 1865. Næsta ár losnaði eitt hið besta býli í Ejaafirði, Espihóll og setti Eggert upp stórbú þar og bjó til 1869.

Ekki gekk búskapurinn sem skyldi, þrátt fyrir stórhug, enda Eggert mikið fjarri vegna margvíslegra umboðsstarfa, m.a. fyrir amtmann.

Eitt sinn heimsótti Eggert Gunnarsson Geir bróður sinn (1842-1899) en hann bjó ásamt Valgerði konu sinni (1841-1900) að Steinnesi*. Þar kynntist Eggert konuefni sínu **Elínu Sigríði Olsen** (1848-1869) sem hann gengur að eiga í frægu brúðkaupi að Stóruborg árið 1867. Elín var dóttir Runólfs Magnússonar Ólsen (1810-1860) umboðsmanns á Þingeyrum og konu hans Ingunnar Jónsdóttur kammerráðs á Melum í Strandasýslu. Meðal barna þeirra voru Björn M. Ólsen professor og Margrét kona Ólafs Guðmundssonar lækni á Stórólshvoli. Eftir lát Runólfs fluttist Ingunn að Stóruborg og gekk að eiga ráðsmann sinn Pétur Kristófersson.

28. maí 1868 eignuðust þau Eggert og Elín dóttur. Elín kom illa niður og lést í janúar 1869 og dóttirin um sumarið. Eftir það leysti hann bú sitt upp, var sem friðlaus eftir.

Tók Eggert eftir það að sér ýms störf fyrir Gránufélagið, var kjörinn á Alþingi og beitti sér fyrir framfaramál-um. Um skeið setti hann upp bú á Laugalandi*.

Eyjar Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu

Ólafur Briem sonur Haraldar Briem frá Búlandsnesi* bjó að Eyjum í Breiðdal.

Eyrarbakki Eyrarbakkahreppi, Arnessýslu

Meðal barna séra Steindórs Briem (1849-1904) í Hruna var séra Jóhann Briem (1882-1959) sóknarprestur á Melstað* er átti **Ingi-björgu Jónu ísaksdóttur** (1889-1979) verslunarmanns í Garðbæ á Eyrarbakka (1852-1912) Jónssonar.

Fagrískógur Amarneshr. Eyjafjarðarsýslu

Ragnheiður Davíðsdóttir (1864-1937) frá Hofi* í Hörgárdal átti **Stefán Stefánsson** (1863-1926, prests á Hálsi* í Fnjóskadal Árnasonar og konu hans Guðrúnar Jónsdóttur frá Brúnastöðum* í Ftjótum) bónda og alþingismann í Fagraskógi*. Börn þeirra voru Þóra Stefánsdóttir er átti Árna Jónsson bónda og símsstöðvar-stjóra á Hjalteyri*, Sigríður

Stefánsdóttir er átti Guðmund Kristjánsson bónda í Glæsibæ*, Guðrún Stefánsdóttir skáldkona og ritstjóri er átti Jón Magnússon skáld, Davíð Stefánsson skáld á Akureyri*, Stefán Stefánsson bóndi, lögfræðingur og alþingismaður í Fagraskógi er átti Þóru Magneu Magnúsdóttur frá Reykjavík, Valgarður Stefánsson stórkaupmann á Akureyri* er átti Guðmundínu Ágústu Stefánsdóttur frá Reykjavík og Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins er átti Astu Júlíu Andrésdóttur frá Reykjavík. Dóttir Valdimars Ragnheiður átti Hannes Hafstein sendiherra son Sigurðar Hannessonar ráðherra Hafstein frá Möðruvöllum*.

Fell Fellshreppi, Skagafjarðarsýslu

Sigríður Ólafsdóttir Briem (1839-1920) frá Grund giftist séra **Davíð Guðmundssyni** (1834-1905) frá Vindhæli* árið 1860. Sama ár og þau kvæntust fékk hann Fell í Sléttuhlíð sem hann hélt til 1873 er hann fékk Möðruvallaklaustur sem hann þjónaði til 1905 er hann fékk lausn frá prestskap. Hann sat frá 1883 að Hofi* í Hörgárdal. Að Felli fæddust börnin Ólafur Davíðsson (1862-1903) þjóðsagnafrömuður að Hofi*, Ragnheiður Davíðsdóttir (1864-1937) í Fagraskógi* og Guðmundur Davíðsson (1866-1942) aðHraunum*.

Frostastaðir Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu

Þau **Ólafur Briem** frá Reynistað* og **Halldóra Pétursdóttir** frá Álfgaersvöllum* settu saman bú að Frostastöðum 1885 og bjuggu þar til ársins 1887 er þau fluttu að Álfgaersvöllum.

Garðar Innra-Akraneshreppi

SéraÞorsteinn Briem (1885-1949) sem lengi var prestur að Görðum fæddist að Frostastöðum* í Blönduhlíð sonur Halldóru Pétursdóttur og Ólafs Briem sem síðar bjuggu á Álfgaersvöllum*.

Séra Þorsteinn varð student 1905 og útskrifaðist frá Prestaskólanum árið 1908. Síðan var hann við framhaldsnám í Skandinavíu til 1909 er hann var settur aðstoðarprestur Jens Palssonar að Görðum* á Álftanesi. Honum voru veitt Grundarþing 1911 og hélt þau og bjó á

Hrafnagili*) til ársins 1918. Þá var honum veitt Mosfell* sem hann hélt til 1921 er hann fékk Garða á Akranesi. Var prófastur í Borgarfjarðarprófastsdæmi. Lausn 1946 og bjó eftir það lengst í Reykjavík.

Séra Þorsteinn sat á Alþingi frá 1934-1937 sem landkjörinn og 1937-1942 sem þingmaður Dalasýslu. Hann var ráðherra í ráðuneyti Ásgeirs Ásgeirssonar 1932- 1934 og formaður Bændaflokksins 1935-1942.

Fyrri kona Þorsteins var **Valgerður Lárusdóttir** (1885-1924) fríkirkjuprests Halldórssonar og konu hans Kirsten Katrine Pétursdóttur organleikara Guðjohnsen. Dætur þeirra: Kirstín f.k. Helga Þórarinssonar frkvstjóra frá Rauðanesi*, Halldóra arkitekt í Stokkhólmi* kona Jan Ek dr.med., Valgerður myndlistarkennari gift Bergi Pálssyni deildarstjóra frá Stykkishólmi*, Guðrún fósturkennari í Oslo gift Odd Hilt myndhöggvara og Ólöf. Síðari kona hans var **Emelía Pétursdóttir** (1886-1967) verslunarstjóra Guðjohnsen og voru þau bamlaus.

Garðar Garðabæ

Maður Láru Pétursdóttur Hafstein amtmanns á Möðruvöllum* var **Jón Þórarinsson** skólastjóri í Flensborg og fræðslumálastjóri. Hann var fæddur að Mel í Miðfirði sonur séra **Þórarins Böðvarssonar** (1825-1895) sem þá var aðstoðarprestur föður síns (1849-1854), fékk Vatns-fjörð árið 1854 og Garða á Álftanesi árið 1868 og hélt til æviloka. Hann var afkasta og áhrifamikill rithöfundur, gaf fé til stofnunar Flensborgarskóla og lét gera Garðakirkju úr steini og sem enn stendur.

Séra **Þorsteinn Briem** frá Álfgeirsvöllum* var árið 1909 settur aðstoðarprestur Jens Pálssonar að Görðum. Han hafði Grundarþing 1911-1918 og bjó á Hrafnagili*.

Árið sem hann var í Görðum gekk hann að eiga fyrri konu sína **Valgerði Lárusdóttur**. Hann var lengst prestur að Görðum* á Akranesi.

Gaulverjabær Gaulverjabæjarhr., Árn.

Johanna Briem frá Reynistað* flutti ásamt séra **Einari Pálssyni** manni sínum að Gaulverjabæ 1903 frá Hálsi* Bjuggu þau þar til ársins 1908 er þau fluttust að Reykholti* þar sem hann var prestur til ársins 1930.

Geirland Kirkjubæjarhr., V-Skaftafellssýslu

Eiríkur Sverrisson (1790-1843) faðir Ingibjargar Eiíksdóttur á Reynistað* fæddist að Kirkjubæjar-klaustri*. Foreldrar hans voru Sverrir Eiríksson hreppstjóri þar (f. um 1739) bónda að Geirlandi á Síðu Bjarnasonar og seinni kona hans Sigríður Salómondóttir (f. um 1766) frá Arnardrangi* Þorsteinssonar. Eiríkur gerðist 21 árs bóndi að Hurðarbaki*.

Gilsbakki Hvítársíðuhreppi, Mýrasýslu

Séra Guðbrandur Sigurðsson (1735-1779) var prestur á Brjánslæk*. Kona hans var **Sigríður Jónsdóttir** (d. 1835, 88 ára) prests eldra á Gilsbakka Jónssonar og konu hans Guðrúnar Þórðardóttur frá Hvalgröfum.

Glaumbær Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu

Elín Eggertsdóttir Briem á Sauðárkróki* og víðar giftist árið 1803 **Stefáni Jónssyni** frá Glaumbæ verslunarstjóra á Sauðárkróki. Hann var sonur séra **Jóns Hallssonar** í Glaumbæ og konu hans **Jóhönnu Hallsdóttur**. Stefán hafði misst konu sína **Ólöfu** Hallgrímsdóttur gullsmiðs Kristjánssonar. Sonur þeirra var Jón Stefánsson listmálari. Stefán hafði verið við verslunarnám í Kaupmannahöfn og verslunarstjóri á Skagaströnd. Var m.a. verslunarstjóri Gránufélagsins. Stefán varð bráðkvaddur.

Glúmsstaðir Fljótsdalshreppi, N-Múlasýslu

Johanna Briem frá Reynistað* átti **Einar Pálsson** sem þá var nývígður að Hálsi*. Einar var sonur **Páls Jónssonar** bónda að Glúmsstöðum og Arnarstöðum* á Jökuldal og síðari konu hans **Hróðnýjar Einarsdóttur** frá Brú* í sömu sveit. Séra Einar þjónaði Hálsi* 1893-1903, Gaulverjabæ* 1903-1908 og Reykholti* 1908-1930.

Glæsibær Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu
Sigríður Stefánsdóttir (1892-1970) Stefáns-
sonar alþingismanns í Fagraskógi* og konu
hans Ragnheiðar Davíðsdóttur frá Hofi* átti
Guðmund Kristjánsson (1889-1966) bónda í
Glæsibæ.

Goðdalir Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu
Vilhjálmur Briem (1869-1959) var sonur
Eggerts Briem og Ingibjargar Eiríksdóttur á
Reynistað*. Hann varð kand. theol. frá Presta-
skólanum árið 1892. Fékk Goðdali og sat þar
1894-1899. Fór í heilsubótarskyni til Dan-
merkur 1899 og veittur Staðarstaður* 1901.
Kona Vilhjálms var **Steinunn Pétursdóttir**
(1870-1962) frá Álfgæisvöllum*.

Grímsstaðir Skútustaðahr., S-Þingeyjarsýslu
Séra **Þorsteinn Pálsson** á Hálsi* var frá
Grímsstöðum í Mývatnssveit sonur **Pais**
Jónssonar hreppstjóra þar og konu hans
Halldóru Þorsteinsdóttur frá Geiteyjarströnd.
Séra Þorsteinn var sagður frækinn, mesti
starfsmaður, vefari, smiður og læknir.

Grund Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu
Gunnlaugur Guðbrandsson Briem (1773-
1834) frá Brjánslæk* var tekinn til fósturs sex
ára, einu ári eftir dauða Guðbrandar Sigurðs-
sonar föður síns (1779) af séra **Birni**
Halldórssyni og konu hans **Rannveigu**
Ólafsdóttur frá Svefneyjum*. Séra Björn í
Sauðlauksdal* og Sigríður Jónsdóttir móðir
Gunnlaugs voru systkinabörn. Þá voru þau
Rannveig og Guðbrandur einnig systkinabörn.
Ólu þau séra Björn og Rannveig upp nokkur
börn og veitti séra Björn þeim tilsögn í skóla-
lærdómi. Þeirra á meðal var Gunnlaugur
Briem. Þegar Gunnlaugur var 9 ára gamall árið
1782 fluttist hann með fósturforeldrum sínum
að Setbegi. Létu þau hann sigla til Kaup-
mannahafnar 1788 þegar hann var á sextánda
ári. Þar stundaði hann nám í "bílætasmíð", og
fékk gullmedalíu listaskólanum. Hann sneri sér
síðan að lögfræði, tók próf kom heim og reisti
bú að Grund árið 1801.

Gunnlaugur hafði árið 1799 verið settur

aðstoðarmaður Jóns Jakobssonar að Espihóli
sýslumanns í Eyjafirði, en hann var móður-
bróðir og fóstri **Valgerðar Árnadóttur**. Frá
Jóni er Espólínsættin komin. Hún er nú þekkt
í Noregi.

Gunnlaugur gekk að eiga Valgerði Árnadótt-
ur (1779-1872) prests að Holti* undir Eyja-
fjöllum Sigurðssonar.

Gunnlaugur og Valgerður reistu bú að Grund
1800-1801 og þar kom frumburðurinn í heim-
inn Jóhann Gunnlaugur Briem síðast prestur í
Gunslev* á Falstri í Danmörku. Eftir það var
Gunnlaugur settur íjarðamatsnefndina og bjó á
ýmsum stöðum á landinu, Möðru-felli*, í
Reykjavík, að Hvítárvöllum* og Arnarbæli* á
Fellsströnd. Meðan Gunnlaugur starfaði í
jarðamatsnefndinni sat hann tæpt ár í Reykja-
vík áður en hann flutti að Hvítárvöllum*.
Veturinn 1803 veitti hann tilsögn í teikningu
við Reykjavíkurskóla.

Gunnlaugi var veitt Eyjafjarðarsýsla 1805 og
flutti hann árið 1807 frá Arnarbæli að Kjarna*
í Eyjafirði.

Árið 1815 fluttust þau hjón svo aftur með
börnum sínum að Grund og bjuggu þar í níttján
ár eða þar til hann féll frá. Þar fæddust yngstu
synirnir: árið 1817 Jóhann Kristján sem dó
tveggja vikna; árið 1818 Jóhann Kristján síðar
prófastur í Hrana*; loks árið 1820 Tryggvi
Daniel sem dó á öðru ári.

Þau Valgerður og Gunnlaugur voru sæmdar-
hjón. Ekki var frúin á Grund síður metin en
Gunnlaugur og fóru af henni miklar sögur.
Gott var á milli þeirra. Valgerður minntist
gömul þess tíma er hún og Gunnlaugur voru
grönn og spengileg og hann mælti af munn
fram við Valgerði:

Við skulum ekki Valgerður því kvíða
að veröldin okkur verði þröng
því við erum bæði mjó og löng.

Sonur þeirra Valgerðar og Gunnlaugs var
bóndi á Grund. **Ólafur Gunnlaugsson Briem**
(1808-1859) fæddist á Kjarna*, nam trésmíði í
Kaupmannahöfn 1825-1831 og var bóndi á
Grund frá 1838 til æviloka. Kona hans var
Dómhildur Þorsteinsdóttir (1817-1858) frá
Stokkahlöðum*. Börn þeirra voru m.a. Sig-
ríður Briem á Hofi*, séra Eggert Brim á
Höskuldsstöðum*, Haraldur á Búlandsnesi*,
Kristján, Jóhann sem for til Ameríku, séra

Valdimar á Stóranúpi*. Rannveig sem fór til Ameríku og Jakob.

Ólafur var þingmaður Eyfirðinga 1852. Hann var skáldmæltur. Hlytt var milli hjónanna og svaraði hún einatt í sömu mynt þegar hann orti á hana enda var hún dóttir fróðleiksmannsins og skáldsins Þorsteins frá Stokkahlöðum*. Þau áttu 14 börn á 20 árum og komust 10 til full-orðinsára. Ólafur mælti í glettni við hana:

Hví ertu svo þykk að framan,
bar með föl á kinn?

Hún svarði:

Við höfum bæði sofið saman,
sú er orsökkin.

Elsti sonur þeirra Jóhönnu Gunnlaugsdóttur Briem frá Grund og séra Gunnars Gunnars-sonar í Laufási var **Tryggvi Gunnarsson** (1835-1917). Tryggvi nam trésmíðar á Grund hjá móðurbróður sínum Ólafi timburmeistara og varð síðar bóndi að Hallgilsstöðum* 1859-1873 og mikill forystumaður í félagsmálum, stjórnámálum og verslun.

Hafnarfjörður

Gunnlaugur Briem (1847-1897) sonur Eggerts Briem og Ingibjargar Eiríksdóttur á Reynistað* var á annan tug ára ráðsmaður fyrir búi föður síns eða til 1882. Árið 1877 gekk hann að eiga **Frederikke Claessen** dóttur Jean Claessen skrifstofustjóra í Kaupmannahöfn. Frederikke Claessen var systir Jean Valgards Claessen verslunarstjóra Poppverslunar á Sauðárkróki og síðar landsf-hirðis sem átti Kristínu systur Gunnlaugs. Gunnlaugur sat á Alþingi 1883-1885 fyrir Skagfirðinga. Hann var, eftir að hann flutti suður, fyrst verslunar- maður í Reykjavík 1882-1885 og eftir það ver- slunarstjóri í Hafnarfirði 1885 til 1897 er hann féll frá. Sonur þeirra var **Ólafur Briem** fram- kvæmdastjóri í Reykjavík er átti frænku sína Önnu dóttur Valgards Claessen og s.k.h. Önnu Möller á Sauðárkróki*.

Meðal barna Péturs Havstein amtmanns og Kristjönu Gunnarsdóttur á Möðruvöllum var **Lára Hafstein** (1866-1894) er átti **Jón Þórar- insson** (1854-1926) skólastjóra í Flensborg í Hafnarfirði (1882-1908) og síðar fræðslu- málastjóra. Jón Þórarinsson var fæddur að Mel* í Miðfirði sonur séra Þórarins

Böðvarssonar (1825-1895) sem þá var aðstoð- arprestur föður síns (1849-1854). Hann fékk Vatnsfjörð 1854 og síðar Garða* á Álftanesi. Kona séra Þórarins var Þórunn (1816-1894) Jónsdóttur prests í Steinnesi* Péturs sonar og voru þau systrabörn.

Hjónaband þeirra Láru og Jóns stóð um 10 ár og missti hann hana frá fimm börnum: Soffíu Jónsdóttur sem átti frænda sinn Eggert Claes- sen frá Sauðárkróki*, Kristjönu Jónsdóttur skrifstofustúlku á málflutningsskrifstofu Sveins Björnssonar, Þórunni Jónsdóttur sem átti frænda sinn Júlíus sýslumann Havsteen á Húsavík* (Pétur Havstein amtmaður á Möðru- völlum var afabróðir hans), Petri Hafsteini Jónssyni skrifstofumanni og Önnu Jónsdóttur ljósmyndara í Hafnarfirði.

Jón Þórarinsson giftist á ný **Sigríði Stephensen** frænku fyrri konu hans dóttur **Magnúsar Stephensen** bónda í Viðey, (syni Olafs sekretera í Viðey Stephensen og konu hans **Áslaugar Eiríksdóttur Sverrissonar** í Kolla-bæ*, systur Ingibjargar Eiríksdóttur konu Eggerts sýslumanns á Reynistað*). Börn þeirra voru Áslaug Jónsdóttir Ormslev, Ásgeir Jónsson fulltrúi hjá Eimskip og Þórarinn Jónsson skjaltþýðandi.

Jón Þórarinsson flutti til Reykjavíkur. Byggði hann húsið og bjó að Laufásvegi 34 á horni Skothúsvegur sem Eiríkur Ormsson rafvirkjameistari eignaðist síðar.

Hallgilsstaðir Hálshreppi, S-Þingeyjarsýslu

Elsti sonur þeirra Jóhönnu Gunnlaugsdóttur Briem frá Grund* og séra Gunnars Gunnars-sonar í Laufási* var **Tryggvi Gunnarsson** (1835-1917). Tryggvi lærði trésmíði hjá móð- urbróður sínum Ólafi timburmeistara á Grund*, var bóndi að Hallgilsstöðum í Fnjóskadal 1859-1873. Hann hóf forystu í félagsmálum á búskaparárum sínum. Gerðist hann kaupstjóri Gránufélagsins og var á veg- um þess langdvöllum í Khöfn. Árið 1893 varð hann bankastjóri og bjó eftir það í Reykjavík. Hann sat lengi á Alþingi. Ferli hans, litríkum og marg-breytilegum, er lýst í ritverki sem Þorkell Jóhannesson hóf að rita en entist ekki aldur til að ljúka: Tryggvi Gunnarsson.

Tryggvi gekk árið 1859 að eiga **Haldóru**

Þorsteins-dóttur dóttur Valgerðar Jónsdóttur (1808-1853) frá Reykjahlíð* og séra Þorsteins Pálssonar á Hálsi* í Fnjóskadal, síðari manni móður hans Jóhönnu Gunn-laugsdóttur Briem. Valgerður systir Halldóru átti séra Gunnar Gunnarsson í Lundarbrekku* bróður Tryggva. Tryggvi og Valgerður voru barnlaus.

Fósturdóttir þeirra var **Valgerður Jónsdóttir** (1863-1913) frá Bjarnastöðum í Bárðardal en hún átti séra Þórhall Bjarnarson (1855-1916) biskup frá Laufási og skírðu þau son sinn í höfðuðið á Tryggva.

Hallormsstaður vailahreppi, S -Múlasýslu

Guðrún Gísladóttir (1848-1893) kona Eiríks Briem (1846-1929) sóknarprests í Steinnesi* var dóttir **Gísla Hjálmarssonar** (1807-1867) prests á Hallormsstað Guðmundssonar og konu hans Guðrúnar Gísladóttur frá Laugar-dalshólum. Hann stundaði fyrst lækningar á Austurlandi í tvö ár en var fjórðungslæknir í Austfirð-ingafjórðungi 1845-1860. Kona Gísla og móðir Guðrúnar var **Guðlaug Gut-tormsdóttir** (1811-1881) prófast í Vallanesi Pálssonar og konu hans Margrétar Vigfúsdóttur.

Hamar Borgarhreppi, Mýrasýslu

Eiríkur Sverrisson var 1828-1837 sýslumaður Mýra- og Hnappadalssýslu og bjó fyrst að Einarsnesi* og síðar á Hamri. Þaðan fluttust þau **Kristin Ingvarsdóttir** að Kollabæ*.

Hákot Njarðvíkurhreppi, Gullbrignusýslu

Kristin Briem var dóttir séra **Jóhanns Briem** (1818- 1884) í Hruna* sem hann átti með **Sigríði Eiríksdóttur** (1813-1886). Hún var dóttir Eiríks sýslumanns Sverrissonar í Kollabæ* og fyrri konu hans Guðlaugar Eiríksdóttur. Kristin átti **Pétur Bjarnason** (1835-1899) bónda í Hákoti. Pétur var sonur Bjarna Péturssonar faktors í Innri-Njarðvík og konu hans Guðríðar Þorsteinsdóttur frá Kýlhrauni á Skeiðum. Meðal barna þeirrar Jóhann Páll Pétursson (1866-1938) kennari í Höfnum, Hafnarfirði og Hvolshreppi og sýsluskrifari á Efra-Hvoli í Hvolshreppi. Hann var barnlaus. Annar sonur var Bjarni Pétursson

(1873-1923) var einnig kennari; í Hafnarfirði; skólastjóri á Þingeyri 1899-1908 og loks verkstjóri og söngstjóri í Reykjavík. Af börnum Bjarna fluttist Ásgeir Bjarnason (1901-1935) til Los Angeles. Tvær dætur fluttu til Danmerkur. Kristin Bjarnadóttir (f. 1905) átti Vilhelm Brinchmann gasstöðvarefirlitsmann í Kaupmannahöfn*. Ragnheiður Bjarnadóttir (f. 1912) átti Robert Færgemann forstjóra í Ringe* á Fjóni þar sem börn hennar búa og í Tune*. Þá var Helga Pétursdóttir (1877-1919) húsfreyja að Rima og Húsum í Selárdal í Arnarfirði. Systir hennar Guðríður Pétursdóttir (1880) varð húsfreyja að Melsstöðum í Selárdal.

Háls Hálsahreppi, S-Þingeyrjarsýslu

Eftir fráfall séra Gunnars Gunnarssonar í Laufási* gekk **Jóhanna Gunnlaugsdóttir Briem** frá Grund* árið 1854 að eiga séra **Þorstein Pálsson** að Hálsi en hann var ekill. Meðal barna Jóhönnu Briem frá fyrra hjónabandi voru þau Tryggvi Gunnarsson (1853-1917) á Hallgilstöðum*, Kristjana Gunnarsdóttir Havstein (1836-1927) á Möðruvöllum*, séra Gunnar Gunnarsson (1839-1873) á Sauðanesi*, Svalbarði* og Lundar-brekku*, Eggert Gunnarsson (1840-1885) á Espihóli* og Laugalandi* og Geir Finnur Gunnarsson (1842-1899) á Árbakka, Raufarhöfn, Harðbak og Winnipeg*.

Séra Þorsteinn á Hálsi (1806-1873) var sonur **Páls Jónssonar** (um 1783-1854) bónda Grímsstöðum* í Mývatnssveit og síðari konu hans **Halldóru Þorsteinsdóttur** frá Geiteyjarströnd í sömu sveit. Voru þau Jóhanna og séra Þorsteinn barnlaus. Fyrri kona séra Þorsteins var Valgerður Jónsdóttir (1808-1853) Jónsdóttir prests Þorsteinssonar í Reykjahlíð. Séra Þorsteinn var sagður frækinn, mesti starfsmaður, vefari, smiður og læknir.

Tryggvi Gunnarsson frá Laufási* gekk árið 1859 að eiga Halldóru Þorsteinsdóttur (1837-1875) dóttur Valgerðar og séra Þorsteins stjúpasíns. Settu þau saman bú að Hallgilstöðum*. Séra Gunnar Gunnarsson (1839-1873) sonur Jóhönnu gekk árið 1865 að eiga Valgerði alsystur Halldóru.

Auk þeirra tveggja dætra, Halldóru og

Valgerðar, sem nú hafa verið nefndar áttu þau séra Þorsteinn Pálsson og Halldóra þessi börn er upp komust: Hólmsfríði Þorsteinsdóttur konu séra Arnljótar Ólafssonar á Sauðanesi, Sigríði Þorsteinsdóttur konu Skafta Jósefssonar ritstjóra á Seyðisfirði og séra Jón Þorsteinsson að Möðruvalla-klaustri.

Séra Þorsteinn ritaði um leiki og glímu í íslenskar gátur og skemmtanir.

Ragnheiður Davíðsdóttir (1864-1937) frá Hofi* í Hörgárdal átti **Stefán Stefánsson** (prests á Hálsi í Fnjóskadal Árnasonar og konu hans Guðrúnar Jónsdóttur frá Brúnastöðum* í Fljótum) bónda og alþingismann í Fagraskógi*.

Johanna Briem frá Reynistað* átti **Einar Pálsson** (1868-1951) árið 1893. Hann hafði þá verið vígður að Hálsi. Frá Hálsi fluttu þau að Gaulverjabæ* en voru lengst í Reykholti*.

Hjaltastaðir Akrahreppi, Skagafirði

Eggert Briem og **Ingibjörg Eiríksdóttur** fluttu frá Espihóli* að Hjaltastöðum. Eggert var 1861-1884 sýslumaður í Skagafjarðarsýslu og bjó fjölskyldan fyrst á Hjaltastöðum og síðar á Reynistað*. Að Hjaltastöðum fæddust Sigríður Briem, Kristján Vilhjálmur Briem, Johanna Briem, Eggert Briem yngri, Eggert Briem á Seyðisfirði*, Sauðárkróki* og Reykjavík., Vilhjálmur Briem í Goðdölum*, Staðarstað* og Reykjavík og Johanna Briem að Hálsi*, Gaulverjabæ* og Reykholti*.

Elín Briem frá Reynistað* hóf kennsluferil sinn 1877 við nýstofnaðan kvennaskóla Skagfirðinga að Ási í Hegranesi*. Næsta ár var skólinn fluttur að Hjaltastöðum í Blönduhlíð þar sem Elín hafði átt heima ung. Skólinn var þar 1878-1880. Þá var hún 1880-1881 fyrir skóla Húnavetninga að Lækjamóti*.

Hjalteyri Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu

Meðal barna Stefáns Stefánssonar og Ragnheiðar Davíðsdóttur í Fagarskógi* var **Þóra Stefánsdóttir** (1891-1981) er átti **Árna Jónsson** (1882-1950) frá Arnarnesi bónda og símsstöðvarstjóra á Hjalteyri.

Hjarðardalur Mosvallahr., V-Isafjarðars.

Eggert Briem sýslumaður á Reynistað* gekk árið 1845 að eiga **Ingibjörgu Eiríksdóttur**. Hafði hann verið skipaður sýslumaður ísa-fjarðarsýslu árið 1844. Þjuggu þau fyrsta veturinn að Hjarðardal í Önundarfirði en reistu svo bú að Melgraseyri*.

Hlíð Gnúpverjahreppi, Arnassýslu

Katrín Árnadóttir frá Oddgeirshólum* átti **Steinar Pálsson** í Hlíð. Hann var sonur Páls Lýðssonar bónda þar og konu hans Ragnhildar Einarsdóttur bónda á Hæli Gestssonar.

Hof Amarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu

Sigríður Ólafsdóttir Briem (1839-1920) frá Grund* giftist 1860 séra **Davíð Guðmunds-syni** (1834-1905) frá Vindhæli* síðar prófasti. Hann hafði tekið guðfræðipróf 1857. Varð þá heimiliskennari hjá Ingibjörgu Eiríksdóttur og Eggerti sýslumanni Briem á Grund* sem þá bjó á Espihóli*. Árið sem hann kvæntist fékk hann Fell* í Sléttuhlíð sem hann hélt til 1873. Þá fékk hann Möðruvallaklaustur sem hann þjónaði til 1905 er hann fékk lausn frá prestskap. Hann sat frá 1883 að Hofi í Hörgárdal.

Hjá þeim var sonur þeirra **Ólafur Davíðsson** (1862-1903) þjóðsagnamaður og náttúrufræðingur og druknaði í Hörgá.

Hannes Davíðsson tók við búi á Hofi, og bjó þar ásamt **Valgerði Davíðsdóttur** systur sinni.

Auk Ólafs, Hannesar og Valgerðar voru meðal barna þeirra Sigríðar og séra Davíðs þau Ragnheiður í Fagraskógi* og Guðmundur á Hraunum*.

Hof Geithellnahreppi, S-Múlasýslu

Haraldur Briem á Búlandsnesi* gekk árið 1864 að eiga **Prúði Þórarinsdóttur** (1838-1908) prests að Hofi í Álftafirði Erlendssonar.

Séra **Eggert Ó. Brím** (1840-1893), sem síðar varð sóknarprestur á Höskuldsstöðum* var fyrir guðfræðiprófið barnakennari á ísa-firði og eftir það aðstoðarprestur séra Þórarins Erlendssonar að Hofi í Álftafirði, tengdaföður Haraldar bróður hans.

Hofsós Hofsóshreppi, Skagafjarðarsýslu

Pétur Havstein (1812-1875) amtmaður á Möðruvöllum* og maður Kristjönu Gunnarsdóttur frá Laufási* var sonur **Jakobs Havsteen** kaupmanns á Hofsósi og konu hans **Marenar Jóhannsdóttur Birk**. Jón Aðils taldi þá Hofsósskaupmenn hafa verið vel þokkaða, þjóðlegri og nátengdari íslendingum en ýmsa aðra í stéttinni. Tveir bræður Péturs urðu kaupmenn eins og faðir þeirra, Niels á Hofsósi og Jóhann á Akureyri afabróðir Júlíusar Havsteen sýslumanns á Húsavík* sem átti Þórunni Jónsdóttur-fræðslumálastjóra Þórarinssonar í Hafnarfirði*

Hofsstaðir Viðvíkurhreppi, Skagafjarðarsýslu

Kristinn P. Briem (1887-1970) var sonur **Pais** Briems amtmanns á Akureyri* og fyrri konu hans **Kristínar Guðmundsdóttur** frá Auðnum*. Kristinn var kaupmaður á Sauðárkróki*. Kristinn gekk árið 1911 að eiga Kristínu Björnsdóttur (1889-1961). Hún var dóttir **Björns Péturssonar** (1834-1922) bónda og hreppstjóra á Hofstöðum í og síðari konu hans **Unu Jóhannsdóttur** frá Dýrfinnustöðum.

Holt V-Eyjafjallahreppi, V-Skaftafellssýslu

Gunnlaugur Guðbrandsson Briem (1773-1834) frá Brjánslæk varð heimkominn 1799 eftir Kaupmannahafnarvist aðstoðarmaður Jóns Jakobssonar sýslumanns að Espihóli*. Ári síðar gekk hann að eiga systur- og fósturdóttur Jóns sýslumanns Valgerði Árnadóttur (1779-1872) frá Holti undir Eyjafjöllum.

Valgerður Árnadóttir var dóttir séra Árna Sigurðssonar og Kristínar Jakobsdóttur.

Séra **Árni Sigurðsson** (um 1640-1724) var áður prófastur að Breiðabólstað* á Skógarströnd en fékk Holt 1793 og hélt til dauðadags. Áður var **Sigurður Jónsson** (1700-1778) faðir séra Árna verið prestur í Holti, og þar áður að Mosfelli í Grímsnesi. Kona séra Sigurðar var **Valgerður Jónsdóttir** (d. 1775) í Laugarnesi Þórðarsonar Sturlusonar.

Tók séra Árni við Holti eftir séra Pál bróður sinn 1793 en hann var þá nýlátinn.

Kona séra Árna var **Kristin Jakobsdóttir** (1743-1791) students að Búðum* Eiríkssonar. Áttu þau mörg börn og má þeirra á meðal nefna, auk Valgerðar, Pál Arnesen rektor í

Fredericia* í Danmörku og orðabókarhöfund. Hann átti danskar konur. Meðal bama hans var rithöfundurinn Benedikte Arnesen-Kall sem ritaði ævisögu sem út kom 1884 og greinir frá heimsókn hennar til Íslands á fund ættingja.

Meðal systkina Valgerðar var séra **Olafur Arnason** í Sólheimaþingum er sat lengst að Rauðhálsi* og átti **Valgerði Þórðardóttur** prests í Kálfholti Sveinssonar en þau voru foreldrar Þórðar Ólafssonar hreppstjóra í Steins-holti*, (afa Kristínar Ólafsdóttur í Nesi*). Þá starfaði Magnus Árnason student bróðir Valgerðar hjá Gunnlaugi mági sínum að jarðmati.

Hrafnagil Hrafnagilshreppi, Eyjafirði

Séra **Porsteinn Briem** frá Álfgaersvöllum* var aðstoðarprestur að Görðum á Álftanesi* 1909-1911. Þá voru honum veitt Grundaþing 1911 og hélt þau og bjó á Hrafnagili til 1918. Þá var honum veitt Mosfell* í Grímsnesi.

Hraun Holtshreppi, Skagafjarðarsýslu

Hér var bóndi **Guðmundur Davíðsson** (1866-1942) frá Hofi* sonur Davíðs Guðmundssonar og Sigríðar Ólafsdóttur Briem frá Grund*. Hann var forystumaður í sveit sinni, fræðimaður og rithöfundur. Kona hans var **Ólöf Einarsdóttir** (1866-1955) Baldvins bónda á Hraunum, síðast kaupmanns á Haganesvík, Guðmunds sonar.

Hrepphólar Hrunamannahreppi, Arnessýslu

Séra **Valdimar Briem** (1848-1930), sonur Ólafs timburmeistara og konu hans Dómhildar Þorsteinsdóttur á Grund*, var vígður til Hrepphóla 1873, fluttist að Stóra-Núpi* 1880 eftir að Hrepphóla og Stóra-Núpsprestaköll voru sameinuð. Keypti hann jörðina og bjó þar til æviloka. Kona hans var **Ólöf Briem** frá Hrun*.

Séra **Olafur Yaldimarsson Briem** að Stóra-Núpi fæddist að Hrepphólum.

Hruni Hrunamannahreppi, Arnessýslu

Yngsta barn þeirra Gunnlaugs Briem og Valgerðar Árnadóttur á Grund* var **Jóhann Kristján Briem** (1818-1894). Lærði hann undir skóla hjá Eggerti Briem bróður sínum (síðar á Reynistað*). Hann fór utan og var í

Danmörku með séra Jóhanni Gunnlaugi (1801-1880) bróður sínum í Bjerregrav* og Páli Árnasyni (1776-1851) móðurbróður sínum (Frede-ricia*). 1835 kom hann aftur til landsins og var við nám hjá Ólafi Pálssyni síðar presti á Mel, en hann var sýsluskrifari hjá Bjarna Thorarensen amtmanni á Möðruvöllum og djákni Möðruvallaklausturs. Jóhann var síðan tekinn í Bessastaðaskóla og varð student þaðan árið 1841. Þá hóf hann nám við Hafnarháskóla og tók 1. og 2. lærdómspróf og hóf guðfræðinám. Árið 1843 kom hann aftur til landsins og gerðist skrifari hjá stiftamtmani. Árið 1845 fékk hann Hruna og sat þar þangað til hann fékk lausn frá prestskap 1883. Hann varprófastur Árneshóls 1848-1861 og þjóðfundarmaður Arnesinga 1851.

Kona séra Jóhanns Briem í Hruna var **Sigríður Stefánsdóttir** (1826-1904) frá Oddgeirshólum* Pais sonar, prests á Þingvöllum Þorlákssonar. Börn þeirra er upp komust voru séra Steindór Briem (1849-1904) í Hruna og Ólöf Briem (1851-1902) sem átti séra Valdimar frænda sinn Briem á Stóra-Núpi*. Laundóttur átti séra Jóhann með Sigríði Eiríksdóttur (1813-1886) dóttur Eiríks sýslumanns Sverrissonar síðast í Kollabæ* og fyrri konu hans Guðlaugar Eiríksdóttur frá Bolholti. Var hún hálf systir Ingibjargar Eiríksdóttur konu Eggerts Briem bróður séra Jóhanns: Kristin Briem (1837-1884). Átti hún Pétur Bjarnason (1835-1899) bónda í Há koti* í Njarðvíkum.

Steindór Briem (1849-1904) sonur séra Jóhanns var student úr Reykjavíkurskóla 1870 og tók próf frá Prestaskólanum 1872. Hann vígðist 1873 aðstoðarprestur föður sfns, fékk prestakallið eftir hann 1883 og hélt því til æviloka. Kona hans var **Kamilla Sigríður Pétursdóttir** (1849-1933) dóttir Rasmusar Péturs Halls verslunarmanns í Reykjavík. Börn þeirra séra Steindórs og Kamillu voru Elín Briem (1881-1965) átti Árna Árnason (1877-1936) bónda í Oddgeirshólum*, Jóhann Briem (1882-1959) sóknarprestur á Melstað* átti Ingibjörgu Jónu (1889-1979) ísaksdóttur verslunarmanns í Garðbæ á Eyrarbakka* (1852-1912) Jónssonar, Jón Briem (1884-1968) afgreiðslumaður í Reykjavík átti Guðrúnu Gunnlaugsdóttur frá Kiðjabergi*

Hurðarbak Villingaholtshreppi, Amessýslu

Eiríkur Sverrisson varð student úr Bessastaðaskóla árið 1805 með ágætum vitnisburði. Hann gerðist bóndi að Hurðarbaki í Flóa 21 árs og bjó þar 1811-1813. Þá var hann kvæntur **Guðlaugu Eiríksdóttur** frá Bolholti en missti hana frá þrem börnum eftir tveggja ára hjónaband 1813 eftir tvíburafæðingu. Hann sótti um prestaköll (1812 og 1817) en fékk ekki þrátt fyrir lofleg meðmæli biskups. Hann brá búi 1813, kom börnunum fyrir og var á skrifstofu Þórðar Thorlacius á Stóra-Hrauni sýslumanni í Árneshóli. Síðar var hann við verslunarstörf á Eyrarbakka. Hann fór utan 1820 og tók danskt lagapróf og varð fyrst sýslumaður í Snæfellsnessýslu og bjó í Mávahlíð*. Hann bjó síðast í Kollabæ*.

Húsavík

Þórunn Hafstein (1888-1939) dóttir Kristjönu Gunnarsdóttur frá Laufási* og Péturs Havstein amtmanns á Möðruvöllum* átti Jón Þórarinsson skólastjóra í Hafnarfirði* og síðar fræðslumálastjóra. Meðal barna þeirra var **Þórunn Jónsdóttir** sem átti **Júlíus Havsteen** (1886-1960) sýslumann á Húsavík en Pétur Havstein var afbróðir hans. Julius var sonur Jakobs Valdemars Havsteen etasráðs og kaupmanns á Akureyri og Thoru Emelie Marie Schwenn (1852-1927) frá Khöfn. Börn þeirra voru Ragnheiður Lára Hafstein, Jakob lögfræðingur Hafstein, Jóhann Hafstein forsætisráðherra er átti Ragnheiði dóttur Hauks Thors og Soffíu Hannesdóttur Hafstein sýslumanns á Isafirði*, Jón K. Hafstein tannlæknir, Thora Emilia Havsteen, Soffía Hafstein Wathne, Þórunn Hafstein húsmæðrakennari og Hannes Hafstein frkvstj. Slysavarnafélagsins.

Meðal barna Sigurðar Briem póstmeystara frá Reynistað* var **Gunnlaugur Briem** (1901-1971) **post-** og síma-málastjóri er átti **Halldóru Guðjohnsen** (1911-1977) dóttur **Stefáns Guðjohnsen** kaupmanns á Húsavík og konu hans **Kristínar Jakobsdóttur** kaupmanns á Vopnafirði Helgasonar.

Hvammur Hvammshreppi, Dalasýslu

Lárus H. Bjarnason sýslumaður í Stykkishólmi* maður Elínar Hafstein frá Möðruvöllum* var sonur Hákonar Bjarnasonar kaupmanns á Bíldudal* (1828-1877) prests á Söndum í Dýrafirði Gíslasonar og k.h. **Jóhönnu Kristínar Þorleifsdóttur** (d. 1896, 61 árs) prófests í Hvamrni í Hvammssveit Jónssonar.

Hvítárvellir Andakflshr., Borgarfjarðarsýslu

Meðan **Gunnlaugur Guðbrandsson Briem** (1773-1834) starfaði í jarðamatsnefndinni sat hann tæpt ár að Hvítárvöllum* eftir dvölinu í Reykjavík og áður en hann fluttist að Arnarbæli* á Fellsströnd.

Höfði Vallahreppi, Suður-Múlasýslu

Guðrún Gísladóttir kona Eiríks Briem sóknarprestis í Steinnesi* var dóttir **Gísla Hjálmarssonar** (1807-1867) (prestis á Hallormsstað* Guðmundssonar og konu hans **Guðrúnar Gísladóttur** frá Laugardalshólum). Gísli stundaði fyrst lækningar á Austurlandi í tvö ár en var fjórðungslæknir í Austfirðingafjórðungi 1845-1860 og átti **Guðlaugu Guttormsdóttur** (1811-1881) prófests í Vallanesi Pálssonar. Hann sat í Vallanesi* 1844-1847. Eftir það að Höfða á Völlum. lét af embætti og bjó í Kollafirði á Kjalarnesi 1862-3 og á Bessastöðum 1863 tildauðadags 1867.

Höskuldsstaðir Vindhælishr., A-Hún.

Hér var sóknarprestur (1871-1890) **Eggert Ó. Brím** (1840-1893), sonur Ólafs Briem timburmeistara og Dómhildar Þorsteinsdóttur á Grund*. Kona hans var **Ragnildur Þorsteinsdóttir** (1842-1910) dóttir séra **Þorsteins Einarssonar** á Kálfafellsstað. Voru þau barnlaus. Fyrir guðfræðipróf hafði séra Eggert verið barnakennari á Ísafirði og aðstoðarprestur séra Þórarins Erlendssonar að Hofi* í Álftafirði tengdaföður Haraldar bróður Eggerts, bónda að Búlandsnesi*. Eftir að hann lauk prestskap bjó hann til dauðadags í Reykjavík. Hann var sagður vel gefinn maður og ágætlega að sér, einkum um sögu Íslands, ættvísi og málfræði, auk þess sem hann var skáldmæltur. Eftir hann liggja mörg ritverk og handrit.

Ísafjörður

Hannes Hafstein (1861-1922) sonur Péturs Havstein amtmanns og Kristjönu Gunnarsdóttur á Möðruvöllum* var sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði 1895-1904. Hann varð student úr Reykjavíkurskóla árið 1880 og lauk lagaprófi í Khöfn 1886. Sama ár var hann skamma hríð settur sýslumaður í Dalasýslu, 1887-1889 við málflutningsstörf o.fl. hjá landsyfirdómi, 1889-1895 ritari landshöfðingja. 1901-1918 sat hann á þingi, ráðherra Íslands 1904-1909 og 1912-1914. Bankastjóri Íslands-banka 1909-1912.

Kona Hannesar var **Ragnheiður Stefánsdóttir Thordersen** (1871-1913) prests í Vestmannaeyjum*. Börn þeirra er upp komust voru Ástríður Hafstein átti Þórarin hafnarstjóra Kristjánsson (Jónssonar ráðherra og dómsstjóra) og konu hans Önnu Þórarinsdóttur prófests í Görðum* Böðvarssonar, Þórunn Hafstein átti Ragnar Kvaran prest í Winnipeg* síðar landkynni Ferðaskrifstofu ríkisins, Sigríður Hafstein átti Geir Thorsteinsson útgerðarmann, Soffía Lára Hafstein átti Hauk Thors forstjóra, Ragnheiður Hafstein átti Stefán Thorarensen lyfsala frá Akureyri*, Elín Hafstein átti Ásgeir Þorsteinsson verkfræðing, Kristjana Hafstein átti Sigurð Jónsson verkfræðing og Sigurður Hafstein skrifstofustjóri átti Ásgerði Sigurðardóttur.

Elín Hafstein (1869-1900) frá Möðruvöllum* átti **Lárus H. Bjarnason** sýslumann í Stykkishólmi* áður sýslumann á Ísafirði. Hann varð professor og hæstaréttardómari.

Meðal barna **Gunnars Hafstein** frá Skjaldarvík* bankastjóra í Þórshöfn* var **Laura Hafstein** (1903-1951) er átti **Magnús Sch. Thorsteinsson** (1893-1974) frá. Hann fæddist á Brjánslæk þar sem Davíðs Sch. Thorsteinsson faðir hans var læknir. Davíð varð læknir í Stykkishólmi og á Ísafirði þar til hann fluttist til Reykjavíkur á efri árum. Kona Davíðs var Þórunn dóttir Stefáns Stephensen prófests í Vatnsfirði og Guðrúnar Pálsdóttur Melsted. Magnus var bankaútibússtjóri á Ísafirði og síðar frarnkvæmdastjóri Smjörlikisgerðanna í Reykjavík. Síðari kona hans var **Sigríður Briem** kvennaskólakennari í Reykjavík dóttir Eggerts Briem sýslumanns á Sauðárkróki*.

Kalmanstunga Hvítársíðuhr., Mýrasýslu

Dóttir Jóhönnu Briem frá Reynistað og séra Einars Pálssonar í Reykholti var **Valgerður Einarsdóttir** hjúlaninarfræðingur er átti **Stefán Ólafsson** bónda í Kalmanstungu.

Kálfafellsstaður Borgarh.hr., A-Skaft.

Eggert Ó. Brím (1840-1893), frá Grund* var sóknar-prestur á Höskuldsstöðum*. Kona hans var **Ragnhildur Þorsteinsdóttir** (1842-1910) dóttir séra Þorsteins Einars sonar á Kálfafellsstað. Voru þau barnlaus.

Ketilsstaðir Vallahreppi, S-Múlasýslu

Pétur Havstein síðar amtmaður á Möðruvöllum* lauk lagaprófi í Khöfn árið 1840. Starfaði m.a. 4 ár í Rentu-kammerinu, íslensku stjórnardeildinni í Hfn. 1840 fékk hann N-Múlasýslu og sat að Ketilsstöðum á Völlum. Árið 1850 varð hann amtmaður í Norður og Austur amtinu.

Kiðjaberg Grímsneshreppi, Arnessýslu

Meðal barna séra Steindórs Briem (1849-1904) og Kamillu Sigríðar Pétursdóttur Hall (1849-1933) konu hans í Hruna* var m.a. **Jón Briem** (1884-1968) afgreiðslumaður í Reykjavík sem átti **Guðrúnu Gunnlaugsdóttur** frá Kiðjabergi hreppstjóra Þorsteinssonar og konu hans Soffu Skúladóttur prests Gíslasonar á Breiðabólstað.

KirkjubæjarklausturKirkjubæjarhr.

V-Skaft.

Eiríkur Sverrisson (1790-1843) faðir Ingibjargar Eiríksdóttur á Reynistað* fæddist að Kirkjubæjar-klaustri. Foreldrar hans voru **Sverrir Eiríksson** (f. um 1739) hreppstjóri Bjarnasonar bónda að Geirlandi* á Síðu seinni kona hans **Sigríður Salómundsdóttir** (f. um 1766) frá Arnardranga* Þorsteinssonar. Eiríkur gerðist 21 árs bóndi að Hurðarbaki*.

Kjarill Amarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu

Eftir að **Gunnlaugur Guðbrandsson Briem** (1773-1834) var skipaður sýslumaður í Eyjafirði árið 1805 varði hann nokkrum tífma til að ljúka störfum í Jarðamatsnefndinni. Tók hann við embættinu 1807 og hélt til æviloka. Þau Valgerður bjuggu að Kjarna frá 1807 til 1815 þangað til þau fluttust aftur að Grund*. Hann hlaut umbun m.a. fyrir andstöðu sína gegn Jörundi hundadagaóingi, var sæmdur kammerráðs-nafnbót árið 1816. Farsæll lögfræðingur þótt hann hefði hið minna lagapróf, próf í dönskum lögum. Fannst sumum hann smámunasamur umof.

Að Kjarna fæddist þeim **Valgerði Árnadóttur** árið 1808 Ólafur síðar bóndi á Grund*, árið 1810 Rannveig Sigríður sem dó nýfædd, árið 1811 Eggert síðar sýslumaður í Skagafirði lengst á Reynistað* og árið 1813 Johanna Kristjana síðar prestkona í Laufási*.

Kollabær Fljótshlíð, Rangárvallasýslu

Kona Eggerts Briem á Reynistað* var **Ingibjörg Eiríksdóttir** frá Kollabæ. Foreldrar hennar voru Eiríkur Sverrisson sýslumaður og síðari kona hans Kristin Ingvarsdóttir.

Eiríkur Sverrisson (1790-1843) fæddist að Kirkjubæjarklaustri*. Foreldrar hans voru Sverrir hreppstjóri þar (f. um 1739) Eiríkssonar bónda að Geirlandi* á Síðu Bjarnasonar og seinni kona hans Sigríður (f. um 1766) Salómundsdóttir frá Arnardranga* Þorsteinssonar.

Kristin Ingvarsdóttir (1790-1876) var dóttir Ingvars bónda að Skarði á Landi* Magnússonar og konu hans Ingibjargar Eiríksdóttur var systurdóttir fyrri konu Eiríks Guðlaugar Eiríksdóttur bónda í Bolholti* Jónssonar og Kristínar Þorsteinsdóttur.

Eiríkur Sverrisson varð student úr Bessastaðaskóla árið 1805 með ágætum vitnisburði. Hann var bóndi að Hurðarbaki* í Flóa 1811-1813. Þá var hann kvæntur Guðlaugu Eiríksdóttur en missti hana eftir tvíburafæðingu frá þrem börnum eftir tveggja ára hjónaband árið 1813.

Sigríður Eiríksdóttir (1813-1886) Sverrissonar og fyrri konu hans Guðlaugar Eiríksdóttur frá Bolholti*, átti laundóttur með

Jóhanni Briem frænda sínum, síðar presti í Hruna*: Kristínu Briem (1837-1884) er átti Pétur Bjamason (1835-1899) bónda íHákoti* í Njarðvíkum. Var Kristín því hálf systir dóttur síðari konu Eiríks Ingibjargar konu Eggerts Briem á Reynistað* og bróður séra Jóhanns.

Eiríkur Sverrisson sótti um prestaköll (1812 og 1817) en fékk ekki þrátt fyrir meðmæli biskups. Hann brá búi 1813 og kom börnunum fyrir og var á skrifstofu Þórðar Thorlacius á Stóra-Hrauni sýslumanni í Árnassýslu. Síðar var hann við verslunarstörf á Eyrarbakka. Hann fór utan 1920 og tók árið eftir próf í dönskum lögum. Eftir það var hann fulltrúi Gríms Jónssonar sem var þá bæjarfógeti í Selsk0r.

Eiríkur var sýslumaður Snæfellsnessýslu 1823-1828 og bjó í Mávahlíð* í Fróðárhreppi. Þá gekk hann að eiga Kristínu Ingvarsdóttur. Eignuðust þau átta börn sem öll komust upp. Urðu þau hjón kynsæl mjög. Næst elsta dóttir in var Ingibjörg á Reynistað* og fæddist í Mávahlíð. 1828-1837 var Eiríkur sýslumaður Mýra- og Hnappadalssýslu og bjó í Einarsnesi* og á Hamri* og 1837 skipaður sýslumaður í Rangárvallasýslu og sat að Kollabæ til dauðadags 1843.

Eiríkur þótti ötull, nokkuð harður, vel lögvis þrátt fyrir hið minna lagapróf, hneigðist til drykkju síðustu ár sín. Mikill vexti og þrekinn, ekki fríður.

Kvennabrekka Miðdalahreppi, Dalasýslu

Katrín Thorsteinsson fyrri kona Eggerts Briem í Viðey* var dóttir Péturs Thorsteinsson kaupmanns á Bíldudal* og víðar og konu hans Ásthildar Guðmundsdóttur prests á Kvennabrekku Einarssonar.

Laufás Grýtubakkahreppi, S-Þingeyjarsýslu

Johanna Kristjana Briem (1813-1878) fæddist að Kjarna* dóttir Gunnlaugs Briem sýslumanns á Grund* og konu hans Valgerðar Árnadóttur frá Holti*. Gunnlaugur lést í ársbyrjun 1834. f október sama ár gekk Jóhanna að eiga **Gunnar Gunnarsson** (1781-1853) sem þá var prestur í Laufási. Gunnar var sonur séra Gunnars Hallgrímssonar í Laufási og konu hans Þórunnar Jónsdóttur prests að

Hálsi* Þorgrímssonar.

Brúðkaupið stóð í Laufási og gifti séra Gunnar þá einnig Þóru dóttur sína séra Halldóri Björnssyni að Eyjadalsá í Bárðardal. Svaramenn voru Bjarni Thorarensen amtmaður og skáld og Ólafur Briem timburmeistari á Grund* bróðir Jóhönnu. Þrátt fyrir aldursmun varð hjónabandið farsælt og búnaðist þeim vel í Laufási, bæði innan stokks og utan. Börn þeirra Jóhönnu og séra Gunnars voru: Tryggvi Gunnarsson (1835-1917), bóndi að Hallgilstöðum*, kaupstjóri í Kaupmannahöfn, alþingismaður og bankastjóri í Reykjavík, Kristjana Gunnarsdóttir Havstein (1836-1927) að Möðruvöllum*, Skjaldarvík*, Laugalandi*, Stykkishólmi* og Reykjavík, séra Gunnar Gunnarsson (1839-1873) á Sauðanesi*, Svalbarði* og Lundar-brekku*, Eggert Gunnarsson (1840-?) að Espihóli* og Laugalandi* og Geir Gunnarsson (1842-1899) í Steinnesi*, Raufarhöfn Harðbak á Sléttu og Winnipeg*.

Eftir fráfall séra Gunnars Gunnarssonar gekk Jóhanna árið 1854 að eiga séra Þorstein Pálsson að Hálsi*.

Laugaland Öngulsstaðahr., Eyjafjarðarsýslu

Laugaland eru tveir bæir í Staðarbyggð í Öngulsstaðahreppi, Ytra og Syðra Laugaland. Þar var rekinn kvennaskóli árin 1877-1896 er hann var fluttur til Akureyrar. Þjóðhátíðarárið 1874 var mikill framfarahugur í Eyfirðingum. Á gamlárskvöld var haldin brenna á Espihólnum. Eftir hana kom til tals að stofna kvennaskóla. Upp úr því hófust fundahöld um skólahaldið fyrir forgöngu Framfarafélags Eyfirðinga. Málið fékk skjótt stuðning **Eggerts Gunnarssonar** umboðsmanns frá Laufási*, Hálsi* og Espihóli* og þá nýkjörinn til Alþingis. Gerðist hann ótrauður þátttakandi í forystuliðinu. Fyrst var skólanum ætlaður staður á Munkaþverá. Um þær mundir bjó Eggert á Laugalandi.

Er Pétur Havstein amtmaður á Möðruvöllum* féll frá árið 1875 var kona hans **Kristjana Gunnarsdóttir** frá Laufási* 38 ára. Nokkru eftir lát eiginmanns síns fluttist hún frá Skjaldarvík* að Laugalandi þar sem Eggert Gunnarsson bróðir hennar bjó. Vann hún ásamt Eggerti að velferð húsmæðraskólans.

Þar bjó og **Johanna Gunnlaugsdóttir** móðir þeirra þar til hún lést 1878. Flutti Kristjana til Reykjavíkur 1880. Áður en hún settist þar að átti hún vetursetu í Khöfn hjá Tryggva bróður sínum ásamt börnum sínum. Var Hannes sonur hennar þá á Garði. Kristjana átti hús í Skjal-darvík sem rífið var og flutt að Lauga-landi. í Þvíhólf skólinn starf 1877. Eggert Gunnarsson hafði þá Laugalönd-in bæði í ábúð.

Forstöðukona skólans var ráðin **Valgerður Þorsteinsdóttir** frá Hálsi* mágkona Eggerts og fóstursystir, ekkja séra Gunnars Gunnarssonar í Lundarbrekku*. Eggert Gunnarsson og Kristjana Havstein munu hafa ráðið mestu um stjórn skólans fyrstu árin. Kristjana flutti brátt til Reykjavíkur og áhugi Eggerts hvarflaði frá skólanum að öðrum efnunum. Eftir það stjórnaði Valgerður kvennaskólanum á eigin spýtur til ársins 1896 er skólinn var fluttur til Akureyrar.

Velferð skólans hvfildi mjög á Eggerti sem tók á sig miklar skuldir fyrir skólann og sem hann fékk seint eða ekki til baka. Saga Eggerts Gunnarssonar er bæði litfrk og skemmtileg lýsing á einstæðum forystumanni. Hann lenti þó í fjárhagskröggum og hvarf vestur um haf árið 1885. Það hafa verið þung spor og erfitt fyrir hann að búa við almannadóm um fjár-glæfra. Síðasta frétt af Eggerti var viðtal í blaði. Sagðist hann vera á leið til frænda og vina í Norður-Dakota. Þar kom hann ekki fram og ekkert frétt af honum síðan.

Valgerður Briem (1844-1884) var dóttir Eggerts Briem á Reynistað* og konu hans Ingibjargar Eiríksdóttur. Var Valgerður elst systra í stórum systkinahópi, stundaði heimanám og störf. Var hún kennari í kvennaskólanum á Laugalandi 1880-1882. Kristin systir hennar kona Valgards Claessen dó í árslok 1881. Sagði Valgerður þá starfi sínu lausu um vorið og tók við heimilisstjórn og umönnun barnanna hjá Valgard á Sauðárkróki*. Sjálf dó hún ógift og barnlaus tveim árum síðar.

Laugarbakkar Ölfushreppi, Árnassýslu

Sonur Jóhönnu Briem frá Reynistað* og séra Einars Pálssonar í Reykholti* **Vilhjálmur Einarsson** bóndi að Laugarbökkum í Ölfusi. Hann átti **Jórunni Ingibjörgu Guðmundsdóttur** frá Þarastöðum í Stíflu.

Laxamýri Reykjahreppi, S-Þingeyjarsýslu

Faðir séra Guðbrandar Sigurðssonar á Brjánslæk* var séra **Sigurður Þórðarson** (f. um 1688-1767) sonur Þórðar Jónssonar á Laxamýri og konu hans Guðrúnar Sigurðardóttur frá Tungu á Tjörnesi.

Leirá Leirá- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu

Maria Claessen frá Sauðárkróki átti **Sigurð Thoroddsen** (1863-1955) landsverkfræðing og kennara við Menntaskólann í Reykjavík. Hann var sonur **Jóns Thoroddsen** sýslumanns og skálds á Leirá og konu hans **Kristinar Ólínu Þorvaldsdóttur Sivertsen** umboðsmanns og alpm. í Hrapsey.

Börn þeirra voru Sigríður Thoroddsen (1903) er átti Tómas Jónsson borgarrítara, Kristin Thoroddsen (1904-1988) er átti dr. Bruno Kress síðast professor í Greifswald í A-Þýskalandi, Valgarð Thoroddsen (1906-1978) rafmagnsveitustjóri ríkisins er átti Marie Tuvnes frá Noregi, Jonas Thoroddsen (1908-1982) bæjarfógeti er átti Björgu Magnúsdóttur ráðherra Guðmunds sonar, Gunnar Thoroddsen (1910-1983) forsætisráðherra er átti Völu Asgeirsdóttur forseta Asgeirssonar og Margrét Thoroddsen (1917) viðskiptafræðingur er átti Einar Egilsson innkaupastjóra.

Lundarbrekka Bárðdalahr., S-Þing.

Séra **Gunnar Gunnarsson** lærði undir skóla hjá séra Birni Halldórssyni aðstoðarpresti heima í Laufási*.

Hann vígðist aðstoðarprestur að Sauðanesi* um svipað leyti og hann kvæntist. Svalbarð* fékk hann 1869 eða þar til hann fékk Lundarbrekku í apríl 1873. Sat hann þar skamma hríð en hann andaðist þá um haustið.

Séra Gunnar Gunnarsson var vel gefinn og áhugasamur, hagnæmtur og læknir.

Eftir að **Valgerður Þorsteinsdóttir** frá Hálsi* kona hans var orðin ekkja tók hún við stjórn kvennaskólans að Laugalandi*

Lækjamótþorkelshólshr., A-Húnavatnssýslu
Elín Eggertsdóttir Briem frá Reynistað* hafði verið kennari við húsmæðraskólann að Hjaltastöðum*.

Húnavatnssýslu stofnuðu kvennaskóla að Undirfelli 1879. Var hann næsta ár að Lækjamóti og Elín þá forstöðukona hans 1880-1881. Þá var skólinn fluttur að Hofi í Vatnsdal. Sama ár sigldi Elín til náms í Danmörku. Sneri hún aftur og tók við skólastjórn en þá var skólinn enn fluttur, nú að Ytri-Ey*.

Mávahlíð Fróðárhreppi, Snæfellsnessýslu

Eiríkur Sverrisson var sýslumaður Snæfellsnessýslu 1823-1828 og bjó í Mávahlíð í Fróðárhreppi. Þegar hann var þar gekk hann að eiga síðari konu sína **Kristínu Ingvarsdóttur** frá Skarði*. Næst elsta dóttirin **Ingibjörg Eiríksdóttir** á Reynistað* fæddist í Mávahlíð. Frá Mávahlíð fluttist fjöskyldan að Einarsnesi*.

Melgraseyri Nauteyrarhr., N.Ísafjarðarsýslu

Eggert Ólafur Briem (1811-1894) sonur Gunnlaugs Briem á Grand* og Valgerðar Arnadóttur var fæddur á Kjarna*. Hann tók lagapróf 1841. Var um hríð starfsmaður stiftamtmanns og málflutningsmaður í Reykjavík við yfirréttinn.

1844-1848 var hann sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bjó á Melgraseyri. 1845 átti hann **Ingibjörgu Eiríksdóttur** (1827-1890) sýslumanns í Rangárvallasýslu Sverrissonar er síðast bjó í Kollabæ*. Að Melgraseyri fæddust synirnir Eiríkur að Steinnesi*, Reykjavík og Viðey* og Gunnlaugur Briem verslunarstjóri í Hafnarfirði.

Frá Melgraseyri flutti fjölskyldan að Espihóli*.

Melstaður Ytri Torfustaðah., A-Húnavatnss.

Meðal barna séra Steindórs Briem í Hruna* og konu hans Kamillu Sigríðar Pétursdóttur HaU var **Jóhann Briem** (1882-1959) sóknarprestur á Melstað. Hann varð student frá Reykjavíkurskóla árið 1902 og kand. theol. frá Prestaskólanum árið 1907. Þá var hann heimiliskennari í Kaldaðarnesi 1903-1904 og kennari

við barna og unglingskólann á Eyrarbakka 1907-1912. Prestur á Melstað var hann 1912-1954 en fluttist þá til Reykjavíkur. Hann átti árið 1912 **Ingibjörgu Jónu ísaksdóttur** (1889-1979) verslunarmanns í Garðbæ á Eyrarbakka* (1852-1912) Jónssonar og konu hans Ólafar Ólafsdóttur frá Árgilsstöðum.

Melur Ytri Torfustaðahreppur, V-Húnavatnssýslu

Jón Þórarinnsson skólastjóri í Hafnarfirði* var fæddur að Mel í Miðfirði sonur séra **Þórarins Böðvarssonar** (1825-1895) í Görðum* sem þá var aðstoðarprestur föður síns (1849-1854).

Mosfell Grímsneshr., Amessýslu

Séra **Þorsteinn Briem** frá Álfgæisvöllum* var prestur að Hrafnagili* 1911-1918. Þá var honum veitt Mosfell í Grímsnesi sem hann hélt til 1921 er hann fékk Garða* á Akranesi.

Móar Kjalarneshr., Kjósarsýslu

Ingibjörg Briem (1886-1952) frá Álfgæisvöllum* átti **Björn Þórðarson** (1879-1963) lögfræðing og forsætisráðherra frá Móum. Hann varð student 1902 og kandjuris frá Kaup-mannahafnarháskóla árið 1908. Síðar varð hann yfirréttarmálflutningsmaður í Reykjavík um árs skeið, sýslumaður í Vestmannaeyjum 1909-1910 og við lögfræðistörf í Reykjavík. Settur sýslumaður í Húnavatnssýslu 1912-1914, Mýra og Borgarfjarðarsýslu til 1915. Var eftir það við ýmis embættisstörf í Reykjavík, lögmaður frá 1928 þar til hann varð forsætisráðherra 1942-1944. Afkastamikill höfundur um lögfræði og sagnfræði. Þau Ingibjörg áttu tvö börn, Þórð Björnsson síðast ríkissaksóknara og Dóru Björnsdóttur.

Möðrufell Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu

Gunnlaugur Briem og **Valgerður Arnadóttir** á Grund sátu eitt ár í Möðrufelli eftir að hann hafði verið settur í jarðamatsnefndina.

Möðruvellir Arnarneshr, Eyjafjarðarsýslu

Kristjana Gunnarsdóttir (1836-1927) fæddist í Laufási* næstelst barna þeirra séra Gunnars Gunnarssonar og Jóhönnu Gunnlaugsdóttur Briem. Séra Gunnar lést þegar Kristjana var 16 ára. Næsta ár gekk Jóhanna að eiga séra **Þorstein Pálsson** að Hálsi* sem þá var einnig orðinn ekill. Ekki dvaldi Kristjana lengi að Hálsi þar sem hún var sér til menningar og menntunar hjá ömmu sinni Valgerði Árnadóttur, "frúnni á Grund"* . Veturinn 1856-1857 fór hún að Espihóli* til móðurbróður síns Eggerts Briem sýslumanns og konu hans Ingibjargar Eiríksdóttur. Þá kom Pétur Havstein amtmaður þangað í embættiserindum. Um þær mundir unnu þeir amtmaður og sýslumaður m.a. saman að ritsmíð um Jónsbók. Hafði amtmaður verið skilinn í nokkur ár. Brúðkaup þeirra Péturs Havsteins amtmanns og Kristjönu Gunnarsdóttur fór fram á Möðruvöllum 28. júlí 1857.

Pétur Havstein (1812-1875) var sonur Jakobs Havsteen (nafnið hefur smám saman þróast til íslensks ritháttar) kaupmanns á Hofsósi* og konu hans Marenar Birch dóttur Jóhanns Birch beykis á Akureyri. Tveir bræður Péturs urðu kaupmenn eins og faðir þeirra, Niels á Hofsósi og Jóhann á Akureyri. Stóð til að Pétur sneri sér að kaupmennsku en hann hneigðist til langskólanáms og sigldi eftir próf frá Bessastaðaskóla til Hafnar árið 1835 og lagði þar stund á laganám og lauk prófi 1840. Síðan starfaði hann m.a. 4 ár í Rentukammerinu, íslensku stjórnardeildinni í Hfn. 1840 fékk hann N-Múlasýslu og sat að Ketilsstöðum á Völlum. 1850-1870 var hann amtmaður í Norður- og Austuramti og sat á Möðruvöllum. Bjó hann eftir það í Skjaldarvík* en lést fimm árum síðar. Pétur var merkilegur maður en átti við ýmsa örðugleika að etja. En þar var merkiskonan **Kristjana Gunnarsdóttir** honum stoð. Þau áttu marga afkomendur sem sett hafa svip sinn á þjóðfélagið.

Þegar þau Kristjana áttust hafði Pétur amtmaður verið giftur tvívegis.

Fyrstu konu sína missti hann eftir þriggja og hálfis árs sambúð. Var hún **Guðrún Hannesdóttir** prests Stephensen að Ytra Hólmi. Þórunn dóttir þeirra átti Jónas Jónassen landlækni

og var Sophia Jónassen dóttir þeirra fyrri kona Eggerts Claessen hrl. frá Sauðárkróki* Hjónaband þeirra var barnlaust.

Næsta kona Péturs Havstein var **Sigríður Olafsdóttir** sekretera í Viðey Stephensen og miðkonu hans Mörtu Stefánsdóttur Stephensen amtmanns á Innra-Hólmi. Mun hún hafa gengið nauðug í hjónabandið og Pétur skilaði henni í föðurhús jafhgóðri eins og það var orðað. Hún giftist síðar séra Stefáni Thordersen sóknarpresti í Vestmannaeyjum* syni Helga biskups Thordersen. Varð hún tengdamóðir Hannesar Hafstein sonar Péturs og Kristjönu. Þær voru síðar saman á heimili Hannesar og Ragnheiðar tengdamæðurnar tvær sem báðar höfðu átt Pétur amtmann. Því má við bæta að Þórhildur Tómasdóttir tengdamóðir Páls amtmanns Briem á Akureyri* var stjúpustir Sigríðar Stephensen.

Börn þeirra Kristjönu og Péturs Havstein er upp komust voru Hannes Hafstein (1861-1922) sýslumaður á ísafirði* og síðar ráðherra, Soffía Hafstein (1863-1885), Lára Hafstein (1866-1894) fyrri kona Jóns Þórarinssonar (1854-1926) skólastjóra í Flensborg í Hafnarfirði* (síðari kona hans var Sigríður Magnúsdóttir Stephensen bróðurdóttir Sigríðar Stephensen miðkonu Péturs Havstein), Jóhanna Hafstein (1867-1894) kennari við barnaskóla Reykjavíku, Marínó Hafstein (1867-1936) sýslumaður á Ospakseyri*, Elín Hafstein (1869-1900) er átti Lárus H. Bjarnason sýslumann á ísafirði, Stykkishólmi*, professor og hæstaréttardómara og Gunnar (1872-1933) bankastjóri í Færeyjum* er átti Nielsínu dóttur Christens Havsteen frændkonu sína en faðir hennar var kaupstjóri hjá Gránufélaginu, bróðursonur Péturs Havstein.

Kristjana var mikilla mannkosta. Maður hennar átti erfið samskipti við yfirvöld og undirmenn þannig að um skeið mátti telja að hann væri ekki heill, þótt margt gerði hann vel og djarflega svo sem stjórn fjárkláðamálsins. Tengsl Kristjönu og bræðra hennar voru nán svo ekki bætti úr þegar í odda skarst með manni hennar og Tryggva. Árið 1870 var amtmanni veitt lausn frá embætti og þurfti að víkja frá Möðruvöllum strax vorið 1871. Þá var hann 58 ára gamall. Settust þau þá að í Skjaldarvík* þar sem yngsta barn þeirra er fætt.

Pétur Havstein féll frá árið 1875 og var Kristjana þá aðeins 38 ára gömul. Nokkru eftir lát eiginmanns síns fluttist hún að Laugalandi* þar sem Eggert bróðir hennar bjó og vann ásamt Eggerti bróður sínum að velferð Hús-mæðarskólans þar. Þar bjó og Johanna Gunn-laugsdóttir móðir þeirra þar til hún lést 1878. Flutti Kristjana til Reykjavíkur 1880. Áður en hún settist þar að átti hún vetursetu í Khöfn hjá Tryggva bróður sínum ásamt börnum sínum. Hannes sonur hennar var á Garði.

Árið 1895 fór Kristjana í Stykkishólm* með Elínu dóttur sinni sem þá hafði gengið að eiga Lárus H. Bjarnason sýslumann. Elín varð skammlíf, dó árið 1900. Kristjana annaðist hana í veikindunum og heimilið í Stykkishólmi allt til 1908 og í Reykjavík til 1910 er hún fluttist á heimili Hannesar sonar síns. Eftir lát hans árið 1922 fluttist Kristjana að Laugavegi 16 á heimili Ragnheiðar dóttur Hannesar og manns hennar Stefáns Thorarensen lyfsala og bjó þar til dauðadags.

Eggert Gunnarsson frá Laufási* stundaði heimanám eins og séra Gunnar (1839-1873) bróðir hans. Eins og hjá Tryggva Gunnarssyni (1835-1917) að Hallgilsstöðum* hneigðist hugur hans að verklegum efnum. Var hann í Fornhaga og á Möðruvöllum hjá **Petri** Havstein amtmanni og Kristjönu systur sinni, en náíð samband var milli þeirra systkina. Var heimilinu á Möðruvöllum léttir af dvöl Eggerts þar. Honum tókst mjög að létta heimilisbrag er þunglyndi settist að Pétri Havstein. Amtmaður skipaði Eggert umboðsmann Munkaþverárklostursjarða 1865. Eggert varð bóndi að Espihóli* og Laugalandi*

Halldór Briem (1852-1929) var sonur Eggerts Briem og Jxigibjargar Eiríksdóttur að Reynistað*. Halldór fæddist að Espihóli*, tók stúdentspróf frá Reykjavíkurskóla 1865 og próf frá Prestaskólanum 1875. Halldór fór til Vesturheims árið 1876 og var ritstjóri blaðsins Framfara 1877-1880. Vestra var hann vígður prestur árið 1880. Halldór var kennari að Möðruvöllum 1882-1908 og bókavörður í Landsbókasafni 1908-1925.

Halldór ritaði kennslubækur í ensku, goðafræði, stærðfræði og íslensku auk þess sem hann þýddi og skrifaði sjónleiki og var

hagmæltur. Kona hans var **Susie Taylor** (1861-1937) frá Argyle í Kanada. Þau giftust árið 1880. Sonur þeirra var Sigurður Briem (1895-1968) gítarkennari í Reykjavík. Hann bjó eins og foreldrar hans að Laufásvegi 6 þar sem nú er fornsala.

Nes Seltjarnarnesi.

Friede Ingibjörg dóttir **Pais** Briem amtmanns á Akureyri* átti **Ásgeir Guðmundsson** lögfræðing frá Nesi son **Guðmundar Einarssonar** útvegsbónda þar. Amma Páls í föðurætt var Valgerður Árnadóttir á Grund* ættmóðir Briemsættarinnar.

Móðir Ásgeirs frá Nesi var **Kristin Ólafsdóttir** í Nesi. Langafi hennar var séra Ólafur Árnason í Sólheima-þingum, sem lengst sat að Rauðhálsi*, bróðir Valgerðar. Voru þau frá Holti* börn séra Árna Sigurðssonar prests þar og Kristínar Jakobsdóttur frá Búðum*.

Oddgeirshólar Hraungerðishr., Árnessýslu

Kona séra Jóhanns Briem 1818-1894) í Hruna* var **Sigríður Stefánsdóttir** (1826-1904) dóttir **Stefáns Pálssonar** í Oddgeirshólum og konu hans **Guðríðar Magnúsdóttur** varalögmanns Ólafssonar á MeðalfelU.

Elsta dóttir séra Steindórs Briem í Hruna* og Kamillu Sigríðar Pétursdóttur Hall var **Elín Briem** (1881-1965) kona **Árna Árnasonar** (1877-1936) bónda í Oddgeirshólum. Arni Árnason var sonur Arna Gunnarssonar bónda í Dalbæ og konu hans Katrínar Bjarnadóttur frá Tungufelli. Eftir þau sátu Oddgeirshóla synir þeirra Ólafur Árnason sem síðar flutti á Selfoss, Guðmundur Árnason, bóndi þar og Jóhann Kristján Árnason sem einnig flutti á Selfoss.

Sigríður Árnadóttir dóttir Elína og Árna Arna á Oddgeirshólum* gerðist kennari og átti Guðmund Kristjánsson bónda í Arnarbæli*.

Katrín Árnadóttir frá Oddgeirshólum átti Steinar Pálsson í Hlíð*.

Oddi Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu

Páll Briem síðar amtmáður á Akureyri* var sýslumaður í Rangárvallasýslu 1890-1894 og bjó fyrst í Odda og síðar í Arbæ*. Odda sátu þá séra Skúli Skúlason prófasts Gíslasonar að Breiðabólstað* og Sigríður Helgadóttir Hálf-dánarsonar. Að Odda kynntist hann árið 1890 **Álfheiði Helgadóttur** systur prestfrúarinnar og gekk að eiga hana árið 1895.

Kara Briem á Akureyri* dóttir Sigurðar Briem frá Reynistað* og konu hans Guðrúnar ísleifsdóttur prests í Arnarbæli* Gíslasonar átti **Helga Skúlason** augnlækni son Sigríðar og séra Skúlasonar í Odda.

Ospakseyri Ospakseyrarhreppi, Strandasýslu

Sonur Péturs Havstein og Kristjönu Gunnarsdóttur á Möðruvöllum* var **Marino Hafstein** (1867-1936). Hann útskrifaðist í lögum frá Hafnarháskóla 1897, var málflutningsmaður við yfirréttinn 1897-1898, uppboðshaldari á ísafirði og síðar settur sýslumaður 1898-1899 þar til hann var skipaður sýslumaður í Strandasýslu. Bjó hann fyrst á Borðeyri, var síðan á Bæ í Hrutafirði en bjó á Óspakseyri þar til hann fékk lausn 1909. Flutti til Reykjavíkur 1912 og var aðstoðarmaður í stjórnarráðinu til 1919. Þá fluttist hann að Svarfhóli* í Stafholts-tungum í Borgarfirði þar sem hann bjó til æviloka.

Marínó Hafstein átti **Þórunni Eyjólfsdóttur** (1877-1961) prests í Árnesi* Jónssonar og konu hans Elínar Elísabetar Björnsdóttur prests á Stokkseyri Jónssonar.

Meðal barna þeirra voru Elín Elísabet Hafstein, Pétur Hafstein lögfræðingur og efnismaður mikill sem drukknaði ungur, Johanna Hafstein, Katrín Kristjana Hafstein er giftist til Danmerkur, Eyjólfur Jónsson Hafstein stýrimaður, Þórunn Jónassen Hafstein er fluttist til Alberta* í Kanada með manni sínum og Margrét Borghildur Hafstein er starfaði með manni sínum á vegum SP í Indlandi og S-Ameríku.

Rannveigarstaðir Geithellnahr., S-Múlas.

Hér bjó Haraldur Briem áður en hann fluttist að Búlandsnesi*.

Rauðanes Borgarhreppi, Mýrasýslu

Dóttir séra Þorsteins og Valgerðar Briem að Görðum á Akranesi var Kirstín f.k. **Helga Þórarinssonar** frkvstjóra frá Rauðanesi.

Rauðháls Mýrdalshreppi, A-Skaftafellssýslu

Séra Arni Sigurðsson í Holti* og Kristin Jakobsdóttur (1743-1791) frá Búðum* áttu mörg börn. Má þeirra á meðal nefna Valgerði, "frúna á Grund"*, ættmóður Briemsættarinnar, Pál Arnesen rektor í Fredericia* í Danmörku og orðabókarhöfund og séra **Olaf Arnason** í Sólheimaþingum er sat lengst að Rauðhálsi og átti **Valgerði Þórðardóttur** prests í Kálfholti Sveinssonar. Sonur þeirra var Þórður Ólafsson bóndi í Steinholti, langafi Ásgeirs Guðmundssonar frá Nesi* er átti Friede Ingibjörgu Pálsdóttur amtmanns Briem á Akureyri*.

Reykholt Reykholtaldalshr., Borgarfjarðarsýslu

Johanna Briem (1872-1962) var dóttir þeirra Eggerts Briem og Ingibjargar Eiríksdóttur að Reynistað*. Johanna fæddist að Hjaltastöðum*. Hún áttí 1893 **Einar Pálsson** (1868-1951) sem þá hafði verið vígður að Hálsi*. Einar var sonur Pais bónda Jónssonar að Glúmsstöðum* og Arnórsstöðum* á Jökuldal og síðari konu hans Hróðnýjar Einarsdóttur frá Brú* í sömu sveit. Séra Einar þjónaði Hálsi* 1893-1903, Gaulverjabæ* 1903-1908 og Reykholti* 1908-1930. Eftir það var hann starfsmaður við Söfnunarsjóð íslands og bjó í Reykjavík.

Börn Jóhönnu og Einars voru Eggert Einarsson læknir lengst af í Borgarnesi*, Magneu Jónsdóttur, Ingibjörg Einarsdóttir Eyfells kaupkona í Reykjavík áttí Eyjólf Eyfells listmálara, Gunnlaugur kand. theol. sem dó ungur, Svanbjörg Einarsdóttir átti Árna B. Björnsson gullsmið í Reykjavík, Valgerður Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur átti Stefán Ólafsson bónda í Kalmanstungu*, Páll Einarsson framkvæmdastjóri átti átti Gyðu Sigurðardóttur og Vilhjálmur Einarsson bóndi á Laugarbökkum* í Ölfusi átti Jórunni Ingibjörgu Guðmundsdóttur frá Prasastöum í Stíflu.

Reynistaður Staðarhreppi, Skagafirði

Eggert Ólafur Briem (1811-1894) sonur Gunnlaugs Guðbrands sonar Briem á Grund* og Valgerðar Árnadóttur fæddist að Kjarna*. Hann tók lagapróf 1841. Var um hríð starfsmaður Þorkels Hoppe stiftamtmanns í Reykjavík og málflutningsmaður við yfirréttinn.

Árin 1844-1848 var Eggert sýslumaður ísa-fjarðarsýslu og bjó á Melgraseyri*. Árið 1845 gekk hann að eiga **Ingibjörgu Eiríksdóttur** (1827-1890) sýslumanns í Rangárvallasýslu Sverrissonar er síðast átti heima í Kollabæ í Fljótshlíð*.

Bjuggu þau fyrsta veturinn í Hjarðardal* í Önundarfirði en reistu 1846 bú að Melgraseyri* og þar fæddust börnin Eiríkur að Steinnesi*, Reykjavík og Viðey*, Gunnlaugur verslunarstjóri í Hafnarfirði* og Valgerður kennari á Laugalandi*.

1848-1861 var hann sýslumaður Eyfirðinga. Settu þau hjón saman bú í Skjaldarvík* en bjuggu síðan lengst á Espihóli*. Á Espihóli fæddust börnin Valgerður Briem kennslukona í kvennaskólanum á Laugalandi*, Kristín Briem kona Valgarðs Claessen á Sauðárkróki* og síðar í Reykjavík, Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum*, Halldór Briem á Möðruvöllum* og í Reykjavík, Johanna sem dó ung, Vilborg sem einnig dó ung, Páll Briem á Staðarfelli*, Odda*, Árbæ*, Akureyri* og Reykjavík, Elín Briem að Hjaltastöðum*, Lækjamóti*, Ytri-Ey*, Sauðárkróki*, Reykjavík, og Blönduósi*, Kristján Gunnlaugur (dó ungur) og Sigurður í Reykjavík.

Sýslubúar vildu að sýslumaður settist að á Akureyri en hann treysti sér ekki til að lifa búlaus á launum sínum með stækkandi fjölskyldu. Árin 1861-1884 var Eggert sýslumaður Skagafjarðarsýslu og bjó fjölskyldan fyrsta árið í Viðvík*, hið næsta á Hjaltastöðum* og síðan á Reynistað*. Að Hjaltastöðum fæddust Sigríður Briem í Reykjavík, Kristján Vilhjálmur (dó ungur), Jóhanna (dó ung), Eggert (dó ungur), Eggert Briem á Seyðisfirði*, Sauðárkróki* og Reykjavík, Vilhjálmur Briem í Goðdölum*, Staðarstað* og Reykjavík og Johanna Briem að Hálsi*, Gaulverjarbæ* og Reykholti*. Alls urðu börnin 19. Uppeldisdóttir var að auki á heimilinu Anna dóttir

séra Stefáns í Viðvík sem misst hafði foreldra sína. Hún varð móðir Stefaníu Guðmundsdóttur leikkonu.

Heimilið var mesta menningarheimili bæði andlegrar og verklegrar. Húsið hafði sýslumaður reist á EspihóU. Húsið fluttí hann með sér að Hjaltastöðum, enn að Reynistað og í því voru færðir upp fyrstu leiksýningar Skagfirðinga. Var það undanfari Sæluviku Skagfirðinga. Er Eggert Briem lét af embætti var húsið flutt að Gili í Borgarsveit. 1890 var húsið enn flutt, nú á Sauðárkrók og stóð þar til skamms tíma, í daglegu tali kallað "KG" þar sem Kristján Gíslason verslaði, Kristjáns borgara hús við Kaupangstorg.

1884 lét Eggert af störfum og fluttu þau hjón þá til Reykjavíkur. Ingibjörg dó 1890 en Eggert 1894. Þau hjón festu kaup á húsinu Lækjargötu 6 þegar þau fluttu til Reykjavíkur. EKn Briem eignaðist húsið svo eftir dauða föður síns og bjó þar um skeið. Húsið var á þeim tíma kallað Briemshús.

Gunnlaugur Briem sonur Eggerts Briem og Ingibjargar var á annan tug ára ráðsmaður fyrir búi föður síns á Reynistað eða til 1882. Gekk hann árið 1877 að eiga **Frederikke Claessen** dóttur Jean Claessens skrifstofustjóra í Kaupmannahöfn en hún var systir Jean Valgards Claessens verslunarstjóra Poppsverslunar á Sauðárkróki* og síðar landsféhirðis sem átti Kristínu systur Gunnlaugs. Einkasonur Gunnlaugs og Frederikke var Ólafur Briem (1884-1944) í Hafnarfirði* og Reykjavík. Gunnlaugur sat á Alþingi fyrir Skagfirðinga árin 1883-1885. Hann flutti suður og var fyrst verslunarmaður í Reykjavík og síðar verslunarstjóri í Hafnarfirði*.

Sauðanes Sauðaneshreppi, N-Þingeyjarsýslu

Séra **Gunnar Gunnarsson** (1839-1873) frá Laufási* sonur Jóhönnu Briem og séra Gunnars Gunnarssonar gekk árið 1865 að eiga **Valgerði Þorsteinsdóttur** frá Hálsi (1836-1917).

Séra Gunnar lærði undir skóla hjá séra Birni Halldórssyni sem þá var aðstoðarprestur föður hans í Laufási*. Hann varð um tveggja ára skeið að hætta námi í Reykjavíkurskóla en tók eigi að síður stúdentspróf 1863 og úr Prestaskólanum tveim árum síðar. Hann vígðist

aðstoðarprestur að Sauðanesi um svipað leyti og hann kvæntist. Svalbarð* fékk hann 1869 eða þar til hann fékk Lundarbrekku* í apríl 1873. Sat hann þar skamma hríð en hann andaðist þá um haustið.

Séra Gunnar Gunnarsson var vel gefinn og áhugasamur, hagamæltur og læknir.

Eftir að Valgerður var orðin ekkja stjórnaði hún kvennaskólanum á Laugalandi* (1877-1896) frá stofnun og þar til hann var fluttur til Akureyrar. Valgerður fluttist þá að Bægisá* með dóttur sinni Jóhönnu Valgerði Gunnarsdóttur.

Af börnum séra Gunnars og Valgerðar komst upp Jóhanna Gunnarsdóttir sem átti séra Theodór Jónsson að Bægisá.

Sauðárkrókur

Kristin Briem (1849-1881) frá Reynistað* gekk að eiga **Jean Valgard Claessen** verslunarstjóra Poppis á Sauðárkróki. Systir hans Frederikke Claessen átti bróður Kristínar Gunnlaug Briem á Reynistað* og í Hafnarfirði*. Þau voru börn Jean Claessen skrifstofustjóra í Khöfn og konu hans Caroline von Hansen. Kristín Briem dó ung frá fjórum börnum sínum meðan þau voru enn á bernskualdri.

Elstur var **Eggert Claessen** hæstaréttarmálaflutningsmaður, sem fyrr átti Soffíu (Sophie) dóttur dr. Jónasar Jónassen landlæknis og konu hans Þórunnar dóttur Péturs Havstein og fyrstu konu hans Guðrúnar Hannesdóttur Stephensen. Skildu þau Eggert og Soffía Jónassen barnlaus. Síðar átti hann Soffíu frændkonu sína dóttur Jóns fræðslumálastjóra Þórarinssonar og fyrri konu hans Láru (Lauru) Havstein (dóttur Péturs Havstein á Möðruvöllum* og þriðju konu hans Kristjönu Gunnardóttur frá Laufási*). Áttu þau Eggert og Soffía tvær dætur.

Annað í röðinni barna Kristínar var **Ingibjörg Claessen Þorláksson** sem átti Jón Þorláksson (1877-1935) verkfræðing, forsætisráðherra og borgarstjóra frá Vesturhópshólum*. Áttu þau tvær kjördætur.

Þriðja barnið var **Maria Claessen Thoroddsen** kona Sigurðar Thoroddsen (1863-1955) landsverkfræðings og kennara við Menntaskólann í Reykjavík son Jóns sýslumanns og skálds á Leirá*. Meðal barna þeirra voru

Valgarð Thoroddsen rafmagnsveitustjóri ríkisins, Jónas Thoroddsen bæjarfógeti og Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra.

Yngst barna þeirra Valgards og Kristínar var **Gunnlaugur Claessen** geislalæknir sem átti Þórdísi dóttur Björns Jenssonar kennari við Lærða skólann. Þau áttu tvær dætur sem báðar eru í Danmörku, Anna Claessen (1915) í Kaupmannahöfð* og Þórdís (1919) í Lemvig.

Kristin gat sér gott orð fyrir góðar gáfur og áhuga á menningarmálum. Hlý í viðmóti og alþýðleg voru þau hjón bæði sögð. Valgard Claessen var kaupmaður á Sauðárkróki til 1904.

Valgerður Briem elsta systirin á Reynistað* var kennari á Laugalandi* 1880-1882. Þegar Kristin systir hennar dó í árslok 1881 sagði Valgerður starfinu lausu og tók við heimilisstjórn og umönnun barnanna hjá Valgard á Sauðárkróki. Sjálf dó hún tveim árum síðar. Var það enn áfall fyrir fjölskylduna.

Eftir að Valgard missti Kristínu gekk hann að eiga **Önnu Möller**, ekkju Jóseps Blöndals verslunarstjóra á Grafarósi. Valgard varð landsjóðsgjaldkeri (ríkisféhirðir) árið 1904 og gegnd embættinu til 1918.

Börn Önnu Möller Blöndal úr fyrra hjónabandi voru Kristján Blöndal, Óli Blöndal og Guðrún Blöndal. Saman eignuðust þau svo Arent Claessen og Önnu Claessen (en hún átti Olaf Gunnlaugsson Briem frænda sinn). Var þetta góðkunn fjölskylda fyrir margra hluta sakir. Flóknar tengdir áttu menn ekki almennt gott með að skilja á þeirri tíð.

Eggert Briem á Reynistað* hafði reist stofu á Espihóli. Húsið flutti hann með sér að Hjaltastöðum*, enn að Reynistað. Í því voru færðar upp fyrstu leiksýningar í Skagafirði. Var það undanfari Sæluviku Skagfirðinga. Eftir að Eggert Briem lét af embætti var húsið flutt að Gili í Borgarsveit. 1890 var húsið enn flutt, á Sauðárkrók, og stóð þar til skamms tíma, kallað "KG" þar sem Kristján Gíslason frá Sjárvarborg verslaði, Kristjáns borgara hús við Kaupangstorg.

Eggert Eggertsson Briem (1867-1936) frá Reynistað var sýslumaður Skagafjarðarsýslu árin 1897-1904. Hann var fæddur á Hjaltastöðum* sonur Eggerts Briem á Reynistað* og konu hans Ingibjargar Eiríksdóttur. Eggert

Briem varð kand. juris frá Kaupmannahafnarháskóla 1893 og málflutningsmaður við landsyfírréttinn 1893-1896. Þá var hann bæjarfógeti á Seyðisfirði um árs skeið eða þar til hann varð sýslumaður á Sauðárkróki. Árið 1904 varð hann skrifstofustjóri í stjórnarráðinu. Þá var hann öðru hvoru meðdómandi við landsyfírréttinn eða þar til hann var skipaður dómari við réttinn 1915 og hæstaréttardómari 1918-1935.

Eggert Briem átti árið 1898 frændkonu sína **Guðrúnu Jónsdóttur** Þórðarsonar prófests á Auðkúlu* og konu hans Sigríðar Eiríksdóttur sýslumanns Sverrissonar í Kollabæ*. Voru þau hjón því systrabörn.

Börn Eggerts og Guðrúnar voru Sigríður Briem handavinnukennari í Kvennaskólanum í Reykjavík, síðari kona Magnúsar Sch. Thorsteinsson framkvæmdastjóra frá ísafirði* (sem áður hafði átt Láru Hafstein dóttur Gunnars Hafstein bankastjóra í Þórshöfn*, Gunnlaugur Briem ráðuneytisstjóri sem á Þóru Garðarsdóttur. Eru þau oreldrar Eggerts héraðslæknis á Dalvík*.

Elín Briem (1856-1937) var tvíburasystir Páls Jakobs amtmanns á Akureyri*. Hún hlaut menntun heima á Reynistað*. Árið 1877 var settur kvennaskóli Skagfirðinga að Ási í Hegranesi* og var húsfreyjan þar, Sigurlaug Gunnarsdóttir forstöðukona hans. Réðst Elín þá liðlega tvítug kennari að skólanum. Næsta ár var skólinn fluttur að Hjaltastöðum í Blönduhlíð* og var þar 1878-1880. Húnetningar stofnuðu kvennaskóla að Undirfelli 1879. Síðan er skólinn varð að Lækjarmóti* gerðist Elín forstöðukona hans 1880-1881. Þá um sumarið sigldi hún til náms við Natalie Zahle kvennaskólann í Kaupmannahöfn og lauk þaðan kennaraprófi 1883. Þá ákváðu Skagfirðingar og Húnetningar að sameina kraftana og stofnuðu kvennaskóla að Ytri-Ey* á Skagaströnd og fólu Elínu skólastjórn. Gegndi hún henni til 1895 við góðan orðstír. Elín Briem samdi og gaf árið 1889 Kvennafræðarann hina áhrifamiklu kennslubók í heimilshaldi. Árið 1895 fluttist Elín til Reykjavíkur og giftist **Sæmundi Eyjólfssyni** guðfræðingi og búnaðarráðunaut frá Sveinatungu* í Norðurárdal. Hjónaband þeirra stóð tæpt ár því hann féll frá árið 1896. Elín vann að undirbúningi að stofnun hús-tjórnarskóla og kenndi árin 1896-1898 við

Kvennaskólann í Reykjavík. 1897-1901 stjórnaði hún hinum nýja Hússtjórnarskóla Reykjavíkur í Iðnó. Þá hafði skólinn á Ytri-Ey verið fluttur til Blönduóss* og byggt veglega yfir hann. Tók Elín að sér stjórn hans. Áður en hún hélt norður gekk hún frá málefnum Hússtjórnarskólans með því að afhenda hann Búnaðarfélagi Íslands ásamt lóð við hlið Iðnós með skilyrði um að félagið reisti húsmæðraskóla á lóðinni. Félagið tók við lóðunum Lækjargötu 14 en seldi Iðnaðarmannafélaginu norðurhluta lóðarinnar með einhverjum afsökunum um námskeið. 1906 voru reist á lóðinni þau sambyggðu hús, Búnaðarfélagshúsið og Iðnaðarmannahúsið, sem enn standa. Elín stjórnaði skólanum á Blönduósi 1901-1903. Það ár giftist hún **Stefáni Jónssyni** frá Glaumbæ verslunarstjóra á Sauðárkróki föður Jóns Stefáns-sonar listmálara. Hann var þá orðinn ekill. Elín var um þær mundir heilsuveil og þurfti oft til lækninga utan. Eigi að síður tók hún þátt í félagsmálum, var handavinnukennari í barnaskólanum og kjörin prófdómari af sýslunefnd. Stefán Jónsson varð bráðkvaddur 1910. Enn tók Elín við stjórn skólans á Blönduósi 1912-1915. Þá hætti hún skólastjórn er heilsu hennar hafði hrakað. Fluttist hún til Reykjavíkur og bjó í húsi sínu að Bóckhlöðustíg 7 til æviloka. Ól hún upp Sæmund Helgason son Sigríðar yngri systur sinnar.

Elín Briem eignaðist Bjarnahús á Sauðárkróki reist 1880. Breytti hún húsinu og stækkaði og seldi það síðar Kristni P. Briem bróðursyni sínum sem verslaði í húsinu, bjó þar, breytti því enn og stækkaði.

Kristinn P. Briem (1887-1970) var sonur **Pais** Briems amtmanns á Akureyri* og fyrri konu hans Kristinar Guðmundsdóttur frá Auðnum*. Hann varð gagnfræðingur á Akureyri árið 1904 sama ár og faðir hans féll frá. Vann við verslun í Reykjavík 1905-1908, við verslunarnám og störf í í Edinborg á Skotlandi 1908-1911.

Kristinn var kaupmaður á Sauðárkróki 1902-1961 í húsi Elínar föðursystur sinnar sem hann keypti af henni. Hann var brautryðjandi, innleiddi peningaviðskipti í verslun í Skagafirði, hafði forystu um loðdyrarækt. Hann reisti á eigin kostnað fyrstu rafveituna á Sauðárkróki sem náði til kaupsinsins alls 1923 og rak hana

til 1925. Þá var hann frumkvöðull hitaveitu á Sauðárkróki.

Kristinn Briem kvæntist árið 1911 **Kristínu Björnsdóttur** (1889-1961) bónda á Hofsstöðum* í Viðvíkurhreppi í Skagafirði Péturssonar og konu hans Unu Jóhannesdóttur frá Dýrfinnstöðum.

Börn þeirra eru Páll Briem fyrrv. útibússtjóri Búnaðarbanka Íslands í Mosfellssveit, Björn Briem sem rak fjölritunarstofu, Gunnlaugur Briem yfirsakadómari og Elín Briem húsfreyja í Reykjavík.

Sauðlauksdalur Rauðasandshr., V-Barð.

Gunnlaugur Briem frá Brjánslæk* var tekinn til fósturs sex ára, einu ári eftir dauða Guðbrandar Sigurðssonar föður síns (1779), af séra **Birni Halldórssyni** (1724-1794) búnaðarfrömuði og konu hans **Rannveigu Olafsdóttur** í Svefneyjum* Gunnlaugssonar.

Séra Björn í Sauðlauksdal og Sigríður Jónsdóttir móðir Gunnlaugs voru systkinabörn. Þá voru þau Rannveig og Guðbrandur einnig systkinabörn. Enn má geta þess að Rannveig Halldórsdóttir, fyrri kona séra Guðbrandar, var systir séra Björns í Sauðlauksdal. Séra Guðbrandur var sonur Sigríðar Gunnlaugsdóttur frá Svefneyjum.

Þau séra Björn og Rannveig áttu son sem lést á barnsaldri. Ólu þau upp nokkur börn og veitti séra Björn nokkrum þeirra tilsögn í skólalærdómi. Þeirra á meðal var Gunnlaugur Briem frá Brjánslæk fóstursonur og frændi þeirra hjóna beggja.

Gunnlaugur Briem fluttí með þeim séra Birni og Rannveigu að Setbergi* í Eyrarsveit árið 1792 9 ára gamall.

Eggert Olafsson, einn hinna nafnkunnu Svefneyjarsystkina, var, auk þess að vera mágur séra Björns skólabróðir hans og vinur. Sauðlauksdalur var slæm jörð og varð illa úti vegna áfoks fjörusands, og það svo mjög að Björn hálf hraktist þaðan þrátt fyrir heppnaðar tilraunir og ræktun. Samt efnaðist hann þar vel enda var Rannveig búskörungr. Eggert dvaldi samfleytt fjögur ár í Sauðlauksdal og var það góður tími í lífi hans er hann orti mikið og skrifaði. Eggert átti Ingibjörgu frændkonu sína dóttur móðurbróður síns Guðmundar

Sigurðssonar sýslumanns á Ingjaldshóli. Eftir brúðkaup þeirra Ingibjargar og Eggerts í Reykholti haustið 1767 höfðu þau vetursetu í Sauðlauksdal þar sem hús voru ekki fullgerð að Hofsstöðum í Miklaholtshreppi þar sem þau höfðu sett saman bú. Þau héldu um vorið áleiðis suður en skip þeirra fórst 30. maí 1768. Þegar þetta gerðist var Gunnlaugur Briem á 6. ári.

Eggert Olafsson var bamlaus en Gunnlaugur skírði 4. son sinn Eggert og barst nafnið þannig frá Svefneyingum inn í Briemsættina. Raunar eru nöfnin Gunnlaugur, Olafur og Gunnlaug einnig komin frá frændunum í Svefneyjum.

Í Sauðlauksdalskirkju er hökull sem talið er að Ingibjörg Guðmundsdóttir hafi saumað.

Setberg Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu.

Þegar **Gunnlaugur Guðbrandsson Briem** (1773-1834) frá Brjánslæk* var 9 ára gamall árið 1782 flutti hann með þeim fósturforeldrum sínum séra **Birni Halldórssyni** og **Rannveigu Olafsdóttur** frá Sauðlauksdal* en séra Birni hafði verið veitt Setberg árið áður.

Gunnlaugur hafði misst föður sinn árið 1779. Létu þau séra Björn hann sigla til Kaupmannahafnar 1788 þegar hann var á sextánda ári. Þar stundaði hann nám í "bflætasmíð", fékk gullmedalíu í listaskólanum en sneri sér síðar að lögfræði, kom heim og reisti bú að Grund* árið 1801. Lagði hann mjög upp úr hagnýtri menntun og hafði áhrif á starfsval barna sinna. Má rekja þá hneigð til Sauðlauksdals og Svefneyja.

Séra Björn Halldórsson lést 1794 og var jarðsettur í framkirkjunni á Setbergi.

Eftir lát bónda síns fluttist Rannveig Ólafsdóttir að Kverná á Snæfellsnesi með Þóru Guðbrandsdóttur fósturdóttur sinni og manni hennar Ólafi student Einarssyni og þaðan að Vatnabúðum þar sem hún bjó til æviloka. Annar uppeldissonur þeirra Björns og Valgerðar var Jón Guðmundsson sýslumaður í Vik. Var hann eins og Gunnlaugur þekktur af einarðri framkomu sinni við Jörund. Þriðji uppeldissonurinn féll gegnum ís og druknaði.

Skarð Landmannahreppi, Rangárvallasýslu

Kristin Ingvarsdóttir var kona Eiríks Sverrissonar sýslumanns í Kollabæ*. Þau voru foreldrar Ingibjargar konu Eggerts Briem á Reynistað*. Kristin var síðari kona Eiríks, systurdóttir fyrri konu hans Guðlaugar Eiríksdóttur.

Kristin ein hinna landskunnu Skarðssystra dóttir **Ingvars Magnússonar** bónda í Skarði og konu hans **Ingibjargar Eiríksdóttur** frá Bolholti*.

Ingvar Magnússon í Skarði (d. 1818, 53 ára) tók við búi í Skarði af foreldrum sínum Magnúsi Ingvarssyni og Höllu Jónsdóttur bónda í Stóraklofa Magnússonar. Halla þótti skörungur og líknsöm fátækum. Þau hófu búskap að Stóraklofa en fluttu eftir fáein ár að Skarði. Stóriklofi fór síðar í eyði vegna sandfoks. Raunar var bærinn á Skarði einnig fluttur vegna sandfoks þangað sem hann enn stendur.

Skál Kirkjubæjarhreppi, V-Skaftafellssýslu

Ása Briem (1902-1947), dóttir Sigurðar Briem frá Reynistað* póstmeistara í Reykjavík, átti **Jón Kjartansson** (1893-1962) ritstjóra Morgunblaðsins og síðar sýslumann í Vík í Mýrdal. Hann var frá Skál sonur **Kjartans Ólafssonar** bónda þar og konu hans **Oddnýjar Runólfsdóttur** hreppstjóra að Holti á Síðu Jónssonar.

Skálholt Biskupstungnahreppi, Arnessýslu

Sonur **Pais** Briem og Álfheiðar Helgadóttur á Akureyri* var **Eggert Briem** bóksali o.fl. sem átti **Sigríði Skúladóttur**. Hún er dóttir **Skúla Árnasonar** hérðaslæknis sem lengst sat í Skálholti og konu hans **Sigríðar Sigurðardóttur** frá Kópavatni.

Skjaldarbjarnarvík Ámeshr., Strand.

Meðal barna Sigurðar póstmeistara Briem frá Reynistað* og konu hans Guðrúnar ísleifs-dóttur frá Arnarbæli* var **Sigrún Briem** (1911-1944) lækni er átti **Friðgeir Ólason** (1912-1944) lækni frá Skjaldarbjarnarvík* á Ströndum. Fórust þau bæði, harmdauði öllum þegar Goðafoss var skotin niður undan Reykjanesi 10. nóv. 1944, ásamt þrem ungum

börnum sínum. Sigrún hafði lagt stund á barnalækningar. Friðgeir var fyrstur íslenskra lækna til að leggja fyrir sig almenna heilbrigðisfræði við hinn fremsta skóla í þeirri grein í veröldinni.

Skjaldarvík Glæsibæjarhr., Eyjafjarðarsýslu

Eggert Briem og **Ingibjörg Eiríksdóttir** bjuggu lengst á Reynistað*. Eggert var árin 1848-1861 sýslumaður Eyfirðinga. Settu þau hjón fyrst saman bú í Skjaldarvík en bjuggu síðan lengst á Espihóli*.

Árið 1870 var **Petri Havstein** amtmanni á Möðruvöllum* veitt lausn frá embætti og þurfti að vfkja frá Möðruvöllum strax vorið 1871. Þá var hann 58 ára gamall. Settust þau **Kristjana Gunnarsdóttir** þá að í Skjaldarvík þar sem yngsta barn þeirra var fætt. Pétur Havstein féll frá árið 1875 og var Kristjana þá 38 ára gömul. Nokkru eftir lát eiginmanns síns fluttist Kristjana að Laugalandi*.

Yngsta barn þeirra Péturs og Kristjönu **Gunnar Hafstein** fæddist í Skjaldarvík 1872. Hann varð síðar bankastjóri í Þórshöfn*.

Staðarfell Fellsstrandarhreppi í Dalasýslu

Páll Briem (1856-1904) sonur Ingibjargar Eiríksdóttur og Eggerts Briem sýslumanns á Reynistað*.

5. nóv 1886 til 1. júlí 1887 var hann sýslumaður í Dalasýslu og bjó á Staðarfalli. 19. mars 1886 átti hann fyrri konu sína **Kristínu Guðmundsdóttur** frá Auðnum*. Var kosinn á Alþingi fyrir Snæfellsnes (1897-1891). Hann var lengst amtmaður á Akureyri*.

Staðarstaður Staðarsveit, Snæfellsnessýslu

Vilhjálmur Briem (1869-1959) sonur Eggerts Briem og Ingibjargar Eiríksdóttur á Reyni-stað*. varð kand. theol. frá Prestaskólanum 1892. Fékk Goðdali* og sat þar árin 1894-1899. Þá fór hann sér til heilsubótar til Danmerkur 1899 og var veittur Staðarstaður þar sem hann sat árin 1901-1912 er hann varð féhirðir Söfnunarsjóðs íslands. Því starfi gegndi hann til 1920 er hann varð framkvæmdastjóri sjóðsins. Var í því starfi 1920-1955 og samtímis bankaritari við Landsbanka

islands 1912-1938.

Kona Vilhjálms var **Steinunn Pétursdóttir** (1870-1962) bónda á Álfgaersvöllum* Pálmasonar. Hún var systir Herdísar konu séra Hálf-dánar Guðjónssonar vígslubiskups á Sauðárkróki og móðursystir séra Þorsteins Briem á Akranesi*. Heimili þeirra í Reykjavík var að Suðurgötu 16.

Börn þeirra voru Eggert V. Briem tæknifræðingur í Vesturheimi og síðast í Reykjavík, Gunnlaug Briem framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs islands og Unnur Briem kennari.

Steinnes Sveinsstaðahreppi, A-Húnavatnssýslu

Geir Gunnarsson (1842-1899) frá Laufási* var sonur Jóhönnu Gunnlaugsdóttur Briem frá Grund* og séra Gunnars Gunnars-sonar í Laufási*. Bjó hann og **Valgerður Jónsdóttir** kona hans (1841-1900) að Steinnesi í skjóli föður hennar séra Jóns Kristjáns sonar.

Í Steinnesi kynnist **Eggert Gunnarsson** á Espihóli*, bróðir Geirs, konuefni sínu **Elínu Sigríði Olsen** (1848-1869) og sem hann gekk að eiga að Stóruborg* árið 1867.

Elín var dóttir **Runólfs Magnússonar Ólsen** (1810-1860) umboðsmanns á Þingeyrum* og konu hans **Ingunnar Jónsdóttur** kammerráðs á Melum í Strandasýslu. Geir Gunnarsson var söðlasmiður, um skeið verslunarstjóri á Raufarhöfn*, bóndi á Árbakka og Harðbak. Fluttist hann til Ameríku og bjó síðast í Winnipeg*.

Börn þeirra Geirs og Valgerðar voru Jón, Halldóra og Magnea Guðný og þjuggu vestra.

Eiríkur Briem (1846-1929) frá Reynistað* fæddist á Melgraseyri*. Hann var prestur í Þingeyraklaustursprestakalli og síðar prófastur 1874-1880 og bjó að Steinnesi.

Eiríkur hafði orðið student í Reykjavíkurskóla, utanskóla 1860. Síðan kenndi hann bræðrum sínum heima tvo vetur, var svo einn vetur í Prestaskólanum og lauk prófi 1867. Hann var ritari Péturs biskups Péturssonar til 1874 er hann tók við Þingeyrum. Meðan hann var í Reykjavík hóf hann kennslu í stýrimannafræðum en hann var orðlagður stærðfræðingur. Var það upphaf kennslu skipstjórnarmanna. Á þessum tíma gaf hann út kennslubækur í reikningi. Séra Eiríki búnaðist vel í Steinnesi. Beitti hann tölvísi við búreksturinn og jók með því

afraksturinn. Minnir lýsing á starfsaðferðunum í ýmsu á bestu tilraunabú nú. Efnaðist hann svo á búskapnum að hann gat, þegar hann fluttist til Reykjavíkur, keypt lóðir í landi Stöðlakots við Bókhöðustíg og byggt þar hús. Árið 1880 varð hann prestaskólakennari og gegndi því starfi til 1911 er Háskólinn var stofnaður en þá fékk hann prófessorsnafnbót.

Hlöðust á séra Eirík margvísleg trúnaðarstörf í fjármálum, stjórnámálum og menningarmálum. Hann sat á Alþingi 1881-1891 fyrir Húnavetninga en leiddist þar og sagði af sér. Síðan sat hann aftur á þingi sem konungkjörinn 1901-1915.

Ekki síst gat Eiríkur sér gott orð í sparnaðarmálum. Hann var gæslustjóri Landsbankans 1885-1909 svo sem frægt varð þar sem ráðherra islands Björn Jónsson vék þeim frá gæslustjórunum Eiríki og Kristjáni Jónssyni dómstjóra, sem Alþingi hafði kosið, og banka-stjóranum Tryggva Gunnarssyni. Varð mikil ólga af sem lengi stóð og endaði með samþykkt vantrausts áráðherra árið 1911. Varð Björa Jónsson að víkja og konungur skipaði hinn brottrekna Kristján Jónsson íslandsráðherra í hans stað. Eiríkur var aftur kjörinn gæslustjóri og gegndi því starfi 1915-1917.

Sérstaklega varð Eiríkur þekktur vegna skrifa um sparnað og stofnun Söfnunarsjóðs islands, hins merkasta fyrirtækis sem varð undir í samkeppni verðbólguþjóðfélagsins og var lagður niður. Sparnaðarhugsjón Eiríks var tengd þeim hugmyndum hans frá 1888 um styrktarsjóð handa alþýðufólki, þ.e. að byggður væri upp sjóður til að tryggja öldruðum eins konar eftirlaun. Hugmyndir hans eru gildar ekki síst er sér fram á tóma eftirlaunastjóði.

Um 1903 keypti Eiríkur Viðey* vegna sonar síns Eggerts Briem sem setti þar upp stórbú.

Séra Eiríkur gekk árið 1874 að eiga **Guðrúnu Gísladóttur** (1848-1893) frá Höfða* í Múlasýslu.

Guðrún og séra Eiríkur eignuðust fjögur börn, tvö þeirra dóu á barnsaldri, dóttirin Ingibjörg Briem dó ogift og barnlaus 25 ára. Eggert Briem var yngstur (1879-1939) og einkum þekktur af búskap sínum í Viðey. Dvaldist séra Eiríkur sem þá var orðinn ekkil mikið í Viðey. Hús séra Eiríks á Bókhöðustíg 2 stendur enn nær upprunalegri mynd.

Stokkahláðir Hrafnagilshr., Eyjafjarðarsýslu

Ólafur Gunnlaugsson Briem (1808-1859) var bóndi á Grund* frá 1838 til æviloka. Kona hans var Dómhildur Þorsteinsdóttir. Þorsteinn Gíslason faðir hennar (1776-1838) var bóndi á Finnastöðum og Stokkahlöðum*, fróðleiksmaður og skáld. Síðari kona hans og móðir Dómhildar var Sigríður Árnadóttir frá Vöglum.

Stóri-Núpur Gnúpverjahreppi, Arnessýslu.

Séra **Valdimar Briem** (1848-1930), sonur Ólafs timburmeistara og konu hans Dómhildar Þorsteinsdóttur á Grund* var vígður til Hrepphóla* 1873, fluttist að Stóra-Núpi 1880 eftir að prestaköllin Hrepphólar og Stóri-Núpur voru sameinuð. Hann keypti jörðina og bjó þar til æviloka. Hann varð prófastur Árneseinga 1897 og 1909 vígslubiskup, mikilvirkur rithöfundur um guðfræðileg efni og sálmaskáld.

Kona hans var frænka hans **Olöf Briem** (1851-1902) dóttir séra Jóhanns Briem í Hruna* og Sigríðar (1826-1904) Stefánsdóttur að Oddgeirshólum* Páris sonar, prests á Þingvöllum Þorlákssonar. Jóhann sonur þeirra dó 18 ára í Reykjavíkurskóla. Ólafur sonur séra Valdimars (1875-1930) tók við prestskap eftir föður sinn 1918.

Ólafur Briem fæddist að Hrepphólum, tók guðfræðipróf frá Prestaskólanum árið 1900. Var vígður aðstoðarprestur sama ár að Stóra-Núpi til föður síns. Veittur Stóri-Núpur 1918 og hélt til æviloka. Kona séra Ólafs var **Katrín Helgadóttir** (1879-1922) frá Birtingaholti* Magnússonar frá Syðra-Langholti.

Systkini hennar voru séra Guðmundur Helgason í Reykholti, séra Magnus Helgason kennaraskólastjóri, séra Kjartan Helgason í Hruna, Ágúst bóndi í Birtingaholti, Guðrún Helgadóttir kona Haraldar Sigurðssonar á Hrafnkelsstöðum og Guðrún yngri, kona séra Jóns Stefánssonar að Lundarbrekku.

Börn séra Ólafs og Katrínar voru Valdimar er dó rúmlega tvítugur student, Jóhann Briem listmálari, Ólafur Briem magister, menntaskólakennari á Laugarvatni og Olöf Briem á Stóra-Núpi. Þeir Jóhann og Ólafur eru rithöfundar góðir. Ólöf Briem (1913-1944) var húsfreyja á föðurleifið sinni og átti Jóhann K. Sigurðsson (frá Sjólyst á Stokkseyri) bónda þar.

Stykkishólmur

Elín Hafstein (1869-1900) dóttir Péturs Havstein amtmanns á Möðruvöllum* og Kristjönu Gunnarsdóttur frá Laufási* átti Lárus H. Bjarnason sýslumann á Isafirði og Stykkishólmi, professor og hæstaréttardómara.

Árið 1895 fór **Kristjana Gunnarsdóttir** í Stykkishólm með Elíhu dóttur sinni sem þá hafði gengið að eiga Lárus sýslumann. Elín varð skammlíf, dó árið 1900. Kristjana annaðist hana og heimili í veikindunum og sá um heimilið í Stykkishólmi til 1908 og í Reykjavík til 1910 er hún fluttist á heimili Hannesar Hafstein sonar síns í Reykjavík.

Lárus H. Bjarnason var sonur Hákonar kaupmanns á Bildudal* (1828-1877) Bjarnasonar prests á Söndum í Dýrafirði Gíslasonar og konu hans Jóhönnu Kristínar (d. 1896, 61 árs) Þorleifsdóttur prófests í Hvammi í Hvammsveit Jónssonar. Systkini Lárusaar voru þjóðkunn: Brynjólfur H. Bjarnason kaupmaður í Reykjavík, Þorleifur H. Bjarnason yfirkenari, Ingibjörg H. Bjarnason skólastjóri og alþm. og Ágúst H. Bjarnason professor. Börn þeirra Elínar Havstein og Lárusaar H. Bjarnason voru **Johanna Kristin Olafsson** (1896-1954) er átti Pál J. Ólafsson tannlækni og **Pétur Hafstein Lárusson** (1897-1957) kaupmaður á Akureyri er átti Sigurlaugu Lárusdóttur.

Valgerður Briem myndlistarkennari dóttir séra Þorsteins Briem að Görðum á Akranesi átti **Berg Pálsoni** deildarstjóra frá Stykkishólmi.

Svalbarð Svalbarðshreppi, N-Þingeyjarsýslu

Séra Gunnar Gunnarsson (1839-1873) frá Laufási* gekk árið 1865 að eiga stjúpsystur sína Valgerði Þorsteinsdóttur.

Séra Gunnar lærði undir skóla hjá séra Birni Halldórssyni í Laufási*. Hann tók stúdentspróf árið 1863 og úr Prestaskólanum tveim árum síðar. Hann vígðist aðstoðarprestur að Sauðanesi* um svipað leyti og hann kvæntist. Svalbarð fékk hann 1869 og sat þar til hann fékk Lundarbrekku 1873. Sat hann þar skamma hríð. Hann andaðist um haustið.

Séra Gunnar Gunnarsson var vel gefinn og áhugasamur, hagamæltur og læknir.

eyna árið 1907 og hóf í Reykjavík meiri búrekstur með stærrri töðuvelli en áður hafði þekkt þar. Var völlurinn í Vatnsmýrinni í Reykjavík þar sem flugvöllurinn er nú. Reisti hann 40 kúa fjós og hlöður neðst við Njarðargötu austanverða. Milljónafélagið hætti rekstri sínum árið 1914 og komst þá meginhluti Viðeyjar aftur í hendur Eggerts. Þau hjón Katrín og Eggert reistu þar bú á nýjan leik. Til að koma mjólk á markað í Reykjavík setti Eggert á fót mjólkurbúð, hina fyrstu í Reykjavík, í Uppsalakjallaranum, á horni Túngötu og Aðalstrætis, gegnt Herkastalanum. Er Eiríkur var aftur fluttur út í Viðey voru kýrnar hafðar í bænum á surnrin, í Briemsfjósi sem var rífið eftir eldsvoða. Eggert seldi Viðey nokkru fyrir andlát sitt og andaðist í Reykjavík.

Eggert var félagsmálamaður, forseti Búnaðarfélag. íslands. Ritaði hann um viðskipti og sögu. Sagt að hann hafi fundið Lögberg sem hafði verið týnt lengi. Týndist jafnvel aftur.

Katrín Thorsteinsson fyrri kona Eggerts var dóttir Péturs Thorsteinsson kaupmanns á Bíldudal* og víðar og konu hans Ásthildar Guðmundsdóttur prests á Kvennabrekku* Einarssonar. Áttu þau mörg börn.

Síðari kona Eggerts var Halla Sigurðardóttir frá Kaldaðarnesi, systir þeirra Jóns skrifstofustjóra Alþingis og Haraldar professors sem ekki mátti spila í Viðey. Þau voru barnlaus.

Viðvík Viðvíkurhreppi, Skagafjarðarsýslu

Eftir að Eggert Briem sýslumaður hafði fengið Skagafjarðarsýslu og flutt frá Espihóli* bjuggu þau Ingibjörg Eiríksdóttir um tveggja ára skeið í Viðvík áður en hann fékk Reynistað*.

Vindhæli Vindhælishreppi, A-Húnavatnssýslu

Sigríður Ólafsdóttir Briem (1839-1920) frá Grund giftist árið 1860 séra **Davíð Guðmundssyni** frá Vindhæli* árið 1860. Þau bjuggu lengst að Hofi*.

Ytri-Ey Vindhælishreppi, A-Húnavatnssýslu

Elín Briem frá Reynistað* hafði verið kenari við húsmæðraskólann að Lækjamóti* og við nám í Kaupmannahöfn 1881-1883. Vegna

erfiðra landshaga voru Húnavatningar og Skagafjarðingar knúnir til að sameina krafta sína í skólalaldinu. Var því nýr og sameinaður skóli stofnaður að Ytri-Ey á Skagaströnd, jörðin keypt í því skyni og reist hús fyrir skólann. Þangað réðst Elín nú heimkomin árið 1883 og var falin skólastjórn. Gegndi hún henni til 1895 við góðan orðstír. Annar prófdómaranna við skólann var séra Eggert Ó. Brím á Höskuldstöðum* frændi hennar. Elín fluttist nú til Reykjavíkur og gekk þar í hjónaband.

Þingeyrar Sveinsstaðahr., N-Þingeyjarsýslu

Kona Eggerts Gunnarssonar frá Laufási*, bónda og umboðsmanns á Espihóli* var **Elín Sigríður Ólsen** (1848-1869) á Þingeyrum dóttir **Runólfs Magnúsar Ólsen** (1810-1860) um-boðsmanns og alþingismanns á Þingeyrum og konu hans **Ingunnar Jónsdóttur** (kammeráðs á Melum í Strandasýslu. Runólfur hafði tekið próf frá Bessastaðaskóla og var eftir það þrjú ár skrifari Bjarna Thorarensen amtmanns á Möðruvöllum. Þau Runólfur og Ingunn bjuggu fyrst á Efra-Núpi í Miðfirði 1838-1841 og að Steinnesi 1841 til dauðadags 1860. Ingunn var talin með fegurstu konum á sinni tíð, vel gefin og hetja í hvívetna. Áttu þau 11 börn sem flest urðu skammlíf.

Meðal barna þeirra annarra en Elínar á Espihóli* voru Björn M. Olsen professor, Ingunn kona Jóns Ásgeirssonar á Þingeyrum og Margrét kona Olafs Guðmundssonar læknis á Stórólfshevoli.

Ærlækjarsel Öxarfjarðarhr., N-Þingeyjars.

Dóttir Ragnheiðar og Hannesar Hafstein frá Möðruvöllum* var **Kristjana Hafstein** (1911-1952). Hún átti **Sigurð Jónsson** (1899-1979) verkfræðing, forstjóra Slippfélagsins í Reykjavík. Sigurður var frá Ærlækjarseli í Öxarfirði af Reykjahlíðarætt sonur **Jóns Gauta Jónssonar** bónda þar, að Gautlöndum og Héðinshöfða og konu hans **Sigurveigar Sigurðardóttur** frá Ærlækjarseli. Jón Gauti stjórnaði lengi Kaupfélagi N-Þingeyinga og samdi rit um Reykjahlíðarætt.

Svarfhóll Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu

Marínó Hafstein, sonur Péturs Hafstein amtmanns og Kristjönu Gunnarsdóttur á Möðruvöllum, var sýslumaður á Óspakseyri*. Hann fluttist að Svarfhóli 1919 þar sem hann bjó til æviloka. Kona hans var **Pórunn Eyjólfsdóttir** (1877-1961).

SvefneyjarHateyjarhr.,A -Barðastrandarsýslu

Frá Svefneyjum var **Sigríður Gunnlaugsdóttir** (f. um 1693, 69. ára 1762) bónda þar Ólafssonar. Hún átti séra Sigurð Þórðarson á Brjánslæk*, var móðir séra Guðbrandar á Brjánslæk og amma Gunnlaugs Briem.

Rannveig Ólafsdóttir í Sauðlauksdal* (fóstra Gunnlaugs) var dóttir Ólafs Gunnlaugssonar í Svefneyjum, systir Eggerts Ólafssonar og bróðurdóttir Sigríðar Gunnlaugsdóttur. Þeir voru því mágar séra Björn í Sauðlauksdal og Eggert.

Sveinatunga Norðurárdalshrppi, Mýrasýslu.

Elín Briem frá Reynistað* og síðar á Sauðárkróki* fluttist árið 1895 til Reykjavíkur og giftist **Sæmundi Eyjólfssyni** guðfræðingi og búnaðarráðunaut frá Sveinatungu í Norðurárdal. Hjónaband þeirra stóð tæpt ár því hann féll frá 1896. Sæmundur var sonur **Eyjólfs Jóhannessonar** skálds í Sveinatungu og Hvarrmi í Hvítársíðu og konu hans **Helgu Guðmundsdóttur** frá Sámssstöðum í Hvítársíðu. Bróðir Sæmundar var Jóhann alþingismaður í Sveinatungu.

Syðra-Langholt Hrunamannahr., Arness.

Kona séra Ólafs Briem á Stóra-Núpi* var **Katrín Helgadóttir** (1879-1922) frá Birtingaholti* Magnússonar frá Syðra-Langholti.

Vallanes Vallahreppi, S-Múlasýslu

Guðrún Gísladóttir kona Eiríks Briem sóknarprestis í Steinnesi* var dóttir **Gísla Hjálmarssonar** (1807-1867) læknis sonar Hjálmar prests á Hallormsstað* Guðmundssonar og konu hans **Guðrúnar Gísladóttur** frá Laugardalshólum. Hann stundaði fyrst lækn-ingar á Austurlandi í tvö ár en var fjórð-

ungslæknir í Austfirðingafjórðungi 1845-1860 og átti **Guðlaugu Guttormsdóttur** (1811-1881) prófasts í Vallanesi Pálssonar. Hann sat í Vallanesi 1844-1847. Eftir það að Höfða á Völlum. Þau bjuggu í Kollafirði á Kjalarnesi 1862-3 og á Bessastöðum 1863 til dauðadags 1867.

Vestmannaeyjar

Önnur kona Péturs Hafsteins amtmanns á Möðruvöllum* var **Sigríður Stephensen** dóttir Olafs sekretera Stephensen í Viðey. Mun hún hafa gengið nauðug í hjónabandið og Pétur skilaði henni aftur í föðurhús. Hún giftist síðar séra **Stefáni Thordersen** sóknarpresti í Vestmannaeyjum syni Helga biskups Thordersen. Dóttir þeirra **Ragnheiður Stefánsdóttir Thordersen** gekk að eiga Hannes Hafstein.

VeStUrhÓpshÓlarÞverárhr.V Hún.

Ingibjörg Claessen Þorláksson frá Sauðárkróki* átti **Jón Þorláksson** (1877-1935) verkfræðing, forsætisráðherra og borgarstjóra frá Vesturhópshólum.

Viðey

Séra **Eiríkur Briem** flutti til Reykjavíkur frá Steinnesi* og var skipaður prestaskólakennari. Um aldamótin keypti hann Viðey vegna sonar sins Eggerts sem þá var við búfræðinám og setti þar síðar upp stórbú. Séra Eiríkur hélt áfram kennslu í sjómannafræðum í eyinni þótt kominn væri á áttæðisaldur. Þá var þar enn útgerð Kárafélagsins. Eins og áður sagði var séra Eiríkur mikill reikningsmaður en að sama skapi lítill söngmaður. Þegar þeir komu í heimsókn út í Viðey þeir Páll Isólfsson og Haraldur Sigurðsson frá Kaldaðarnesi, tónlistarprófessor í Höfn. Tók Eiríkur vel á móti þeim: Gaman að sjá ykkur piltar, en gerið það fyrir mig að spila ekki.

Eggert Eiríksson Briem (1879-1939) var yngsta barn séra Eiríks og Guðrúnar Gísladóttur. Hann lauk prófi 4. bekkjar í Reykjavíkurskóla 1897 og stundaði eftir það nám við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn. Þegar Eggert kom heim reisti hann bú í Viðey árið 1903. Seldi hann Milljónafélaginu